INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR

Á upplýstan stein sem fyllir hana af orku

heimili jól

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Með útsýni yfir hafið

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Apple bæklingur fylgir blaðinu í dag

Apple IMC

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. desember 2007 — 343. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Alltaf að fást við eldfim efni

Einar Karl Haraldsson er sextugur.

TÍMAMÓT 22

18 ára í New York

Myndlistarmanninum Þorbirni Einari Guðmundssyni hefur verið boðið að sýna í New York á næsta ári.

FÓLK 31

Afrísk áhrif

Bergljót Arnalds gerir barnabók með listamönnum frá Kongó.

FÓLK 38

Stefnir í einvígi

Arsenal og Man. Utd eru að stinga af í ensku úrvalsdeildinni.

ÍÞRÓTTIR 34



VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR SMÁM SAMAN Í dag verður vaxandi suðaustan átt, 10-18 m/s sunnan og austan til, annars hægari. Hvessir víða annars staðar síðdegis og í kvöld. Rigning um mest allt land eftir hádegi. Hiti 2-10 stig, mildast suðaustan til.

VEÐUR 4

Ríkið tefur olíusamráðsmál

Bótakrafa vegna máls ríkisins á hendur olíufélögunum er ekki enn tilbúin þrátt fyrir að sextán mánuðir séu síðan undirbúningur að málinu hófst. Óþolandi fyrir skattborgarana, segir Björgvin G. Sigurðsson.

DÓMSMÁL Enn hefur ekki verið lokið við bótakröfu ríkisins á hendur olíufélögunum Skeljungi, Olís og Keri, áður Olíufélaginu, vegna samráðs félaganna á árunum 1993 til og með 2001 og því alls óljóst hvenær málið verður tilbúið til meðferðar í dómskerfinu.

Um miðjan ágúst í fyrra sendi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður olíufélögunum bréf fyrir hönd ríkisins þar sem óskað var eftir viðurkenningu á bótaskyldu. Olíufélögin höfnuðu því á þeim grundvelli að samráðið hefði ekki valdið neinu tjóni og hófst þá undirbúningur að málsókn ríkisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur það torveldað undirbúning málsins að hægt hefur gengið að fá upplýsingar sem liggja hjá stjórnvöldum um viðskipti við olíufélögin á fyrrnefndu tímabili. Stærstu einstöku viðskiptavinir ríkisins voru Landhelgisgæslan, lögreglan og Vegagerðin. Líklegt má telja að bótakrafan nemi tugum ef ekki hundruðum milljóna króna en Vilhjálmur, sem annast málið fyrir hönd ríkisins, vildi ekki tjá sig um það. Hann sagði vinnu við málið þó í fullum gangi.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir nauðsynlegt að kanna hvers vegna svo langur tími hafi liðið. „Það er óþolandi fyrir skattborgarana að þetta taki svona langan tíma og mér finnst eðlilegt að kannað sé hvað veldur. Almennt þarf að vinna að málum sem þessum hratt og vel."

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir áhugaleysi stjórnvalda á málinu með ólíkindum. „Árið 2001 komst upp um samráðið. Í lok árs 2007 hafa stjórnvöld í landinu ekki sýnt málinu neinn áhuga og það hefur ekki verið tekið fyrir í dómskerfinu. Kröfur í málinu geta fyrnst og þær elstu eru líklega byrjaðar að gera það, sem bitnar á skattborgurunum sem eiga heimtingu á því að stjórnvöld gæti hagsmuna þeirra," segir Jóhannes. Hann telur stjórnvöld ekki geta afsakað þetta áhugaleysi með neinum hætti. „Dómur hefur gengið í prófmáli okkar skjólstæðings [Sigurðar Hreinssonar] en í því máli lágu ekki fyrir upplýsingar um útboð eða þess háttar og það er að mörgu leyti flóknara en mál ríkisins." - mh

GEITAHIRÐIR Í PALESTÍNU Ungur palestínskur geitahirðir skammt frá Ramallah á Vesturbakkanum leikur sér meðan hann bíður eftir kaupendum að geitunum. Á miðvikudaginn hefst hjá múslimum fórnarhátíðin Eid al Adha, sem haldin er til minningar um vilja Abrahams til að fórna syni sínum, og er þá til siðs að fórna geitum, kindum, kúm eða úlföldum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slys í Laugardalslaug:

Fingur skarst af barni í sundi

SLYS Fingur skarst af átta ára gamalli stúlku sem var gestur sundlaugarinnar í Laugardal á laugardag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins flækti stúlkan vísifingur hægri handar í vírfestingu á viðvörunarskilti við heitan pott. Stúlkan datt og við það skarst fingurinn af. Stúlkan var flutt á Landspítalann í Fossvogi þar sem hún gekkst undir flókna aðgerð. Ekki er ljóst að svo stöddu hvort stúlkan heldur fingrinum. - þo

Teistur í hættu á Ströndum:

Minkurinn ógnar varpi

DÝRALÍF Minkur hefur valdið miklum skaða í teistuvarpi á Ströndum. Fuglafræðingarnir Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir telja að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir að teistuvarp þar líði undir lok. Þetta kemur fram á strandir.is.

Samkvæmt rannsóknum Jóns og Bjarkar hafa vegna minksins engir ungar komist upp sum árin í einstökum vörpum. - vþ

Íslenskir hugvitsmenn ætla að stofna sprotafyrirtæki byggt á uppfinningu:

Stilla gítar í gegnum farsíma

HUGVIT „Ég er gítarleikari sjálfur og veit að það er viðvarandi vandamál að hafa gítarinn rétt stilltan. Þetta vandamál þekkja allir sem farið hafa á útihátíðir. Þannig fékk ég hugmyndina og vonandi nýtist þetta um næstu verslunarmannahelgi," segir Guðmundur Freyr Jónasson, meistaranemi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Guðmundur Freyr hefur hannað gítarstilli í gegnum farsíma ásamt leiðbeinanda sínum, Jóhanni P. Malmquist prófessor. Guðmundur Freyr segir lausnina einfalda og skilvirka. „Sá sem þarf að stilla gítar annað hvort hringir inn í þjónustumiðstöð eða notar forrit í farsímanum. Þetta virkar á svipaðan hátt og ýmsir leikir sem nú eru í farsímum. Forritið ber tóna frá gítarnum saman við staðlaða tóna. Síðan er frávikið frá réttum tón sýnt á myndrænan hátt í skjá símans. Í stað hinna hefðbundnu tóngjafa er því komin handhæg aðferð til að stilla gítar."

Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Falskir tónar verða brátt úr sögunni í útilegum landsmanna.

Verkefnið var verðlaunað af Háskóla Íslands nýlega og Jóhann og Guðmundur Freyr vinna nú að viðskiptaáætlun og markaðssetningu sprotafyrirtækis sem verður stofnað um framgang hugmyndarinnar. - shá

SPURNING DAGSINS

Helgi, verður þetta ekki óttalegt breim?

„Nei, kötturinn á eftir að mala þetta!"

Cat Stevens vill setja upp söngleik í leikhúsi Helga Björnssonar, tónlistar- og leikhúsfrömuðar, í Berlín.

Tyrkneski herinn sendi fimmtíu herþotur yfir landamærin til Íraks:

Harðar loftárásir á Kúrda

TYRKLAND, AP Tyrkneski herinn gerði í gærmorgun loftárásir á Kúrda í Írak. Sprengjum var varpað úr fimmtíu herþotum á nokkur þorp allt að 100 kílómetra handan landamæranna.

Þetta er mesta loftárás Tyrkja gegn Kúrdum á seinni árum. Í yfirlýsingu frá tyrkneska hernum segir að árásunum hafi verið beint gegn uppreisnarsveitum sem berjist fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis Kúrda.

Tyrkneski herinn hefur undanfarið gert árásir á þessi sömu svæði með þungavopnum á jörðu niðri og úr herþyrlum. Einnig hafa borist óstaðfestar fregnir af einhverjum loftárásum úr herþotum.

Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hrósaði hernum fyrir frammistöðuna og sagði frekari árásir í vændum.

Tugþúsundir tyrkneskra hermanna hafa safnast saman við landamærin að Írak síðustu vikur og mánuði. Hernaðaruppbygging hófst eftir að liðsmenn kúrdasamtakanna PKK gerðu árásir á tyrkneska hermenn í haust. - gb

TYRKENSKI HERINN Tugþúsundir tyrkneskra hermanna hafa safnast saman við landamæri Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annars hugar Ungverji:

Fyllti aftursæti bíls af bensíni

UNGVERJALAND Lögreglan í Ungverjalandi leitar manns sem sprautaði 150 lítrum af bensíni inn um afturrúðu bíls síns á bensínstöð í Nyiregyhaza. Að því loknu settist maðurinn aftur í bílstjórasætið, ók burt og skildi eftir sig bensínslóð á götunni.

„Þegar starfsfólk tók eftir því hvað hann var að gera var hann næstum búinn og keyrði svo burt áður en þau gátu stöðvað hann," sagði lögreglumaður. „Það kemur á óvart að ekki hafi liðið yfir hann af bensíngufunum."

Lögreglu grunar að maðurinn hafi annað hvort verið mjög þreyttur eða kófdrukkinn. - sgj

Tvö dráttarskip eru æskileg við Ísland

Forstjóri Landhelgisgæslunnar telur æskilegt að tvö öflug dráttarskip séu hér við land. Dómsmálaráðherra telur að tvö ný varðskip þurfi til landsins vegna aukinna siglinga. Risaflutningaskip sigla um íslenska lögsögu í auknum mæli.

ÖRYGGISMÁL „Það væri æskilegt að hafa öfluga dráttarbáta hér við land vegna aukinna siglinga stórra flutningaskipa hér við land. Við teljum fulla þörf á að huga að kaupum á öðru kraftmiklu skipi til viðbótar við nýtt varðskip sem væntanlegt er," segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Mörg hundruð stór tankskip, með farma allt að 100 þúsund tonn af olíu og gasi, munu fara um lögsögu Íslands á leið sinni vestur um haf árið 2015, eftir einungis sjö ár. Landhelgisgæslan telur því gríðarlega mikilvægt að íslensk stjórnvöld geri ráðstafanir vegna þessarar örtvaxandi umferðar. Alþjóða siglingastofnunin (IMO) hefur nú nýverið samþykkt ákveðnar reglur um siglingaleiðir skipa yfir 5.000 tonnum að stærð og skipa með hættulega farma við SV-land, undan Reykjanesi og í Faxaflóa og taka þær gildi 1. júlí á næsta ári.

Georg segir að óskastaðan væri að hægt væri að halda úti tveimur öflugum dráttarskipum sem staðsett væru við helstu siglingaleiðir stórra flutningaskipa. „Við höfum bent á að það sé full þörf á öðru öflugu skipi. Nýja varðskipið er hugsað sem fjölnota skip, og þar á meðal sem dráttarskip."

Landhelgisgæslan hefur gert samstarfssamning við skipaumferðarmiðstöðina Vardö VTS í Noregi. Meginhlutverk Vardö VTS er að fylgjast með skipaumferð og bregðast við ef hættuástand skapast, til dæmis ef skip verða fyrir vélarbilun. Þá bregst stöðin við því með dráttarskipum sem tiltæk eru.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði þegar gengið var frá samningum um nýtt varðskip að með öðru skipi af sömu gerð yrðu öryggismál hér í góðu horfi hvað varðar auknar siglingar flutningaskipa við landið.

Spurður hvort kaupa eigi nýtt annað fullkomið varðskip til landsins segir Björn að engin ákvörðun hafi verið tekin um kaup á nýju skipi.

svavar@frettabladid.is

RISAOLÍUSKIPIÐ DUNDEE Skipin bera gríðarlegt magn af olíu. Verði skip sem þetta vélarvana skapast mikil hætta sem mögulegt er að bægja frá ef öflugt dráttarskip er nærri.

DRÁTTARBÁTUR Stjórnvöld miða við að leigja stóra dráttarbáta ef þörf er á þeim. Ekki er grundvöllur fyrir rekstri þeirra hér.

NÝJA VARÐSKIPIÐ Mjög öflugt dráttarskip. Hefur meiri togkraft en dráttarbátarnir sem Norðmenn nota.

TÖLVUMYND/FRIÐJÓN FRIÐJÓNSSON

BLÓÐSLÓÐ Á VITASTÍG Vitastíg var lokað tímabundið á laugardag meðan slökkviliðið þreif blóðuga gangstéttina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stunginn í miðborginni:

Atburðarásin enn á huldu

LÖGREGLUMÁL Ekki er enn ljóst hvað kom fyrir manninn sem ráfaði um miðborgina á laugardag með stungusár á læri. Að sögn lögreglu hefur maðurinn ekki getað gert grein fyrir því hvernig hann hlaut áverkann.

Grunur leikur á að maðurinn hafi verið stunginn í húsi á Hverfisgötu. Þaðan ráfaði hann niður á Skúlagötu og inn í verslun 11-11 þar sem hann hneig niður. Maðurinn var fluttur þaðan á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans.

Enginn hefur verið yfirheyrður vegna málsins en rætt hefur verið við vitni. - þo

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot á Húsavík

Nokkur ungmenni brutust inn í húsnæði á Húsavík í fyrrinótt. Engu var stolið en einhverjar skemmdir voru unnar á húsnæðinu, sem stóð autt. Að sögn lögreglu er vitað hverjir þarna voru á ferð og hefur verið rætt við þá.

KJÖT Um 106 tonn af frystum kjúklingum voru flutt til landsins í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kjötinnflutningur á síðasta ári:

Alls 965 tonn flutt til landsins

VERSLUN Alls voru 965 tonn af kjöti flutt til landsins á síðasta ári, þar af 689 tonn frá ESB-löndunum. Þetta kemur fram í svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman, þingmanns Vinstri grænna.

Tæpur helmingur alls innflutts kjöts var fryst nautahakk, 441 tonn. Um 100 tonn voru flutt inn af kjúklingum og svipað magn af nautalundum.

Fram kemur í svari ráðherra að engin sýni hafi verið tekin úr kjöti sem flutt var til landsins í fyrra. Áhætta af smiti hafi verið metin og ekki hafi verið talin þörf á sýnatöku. - bj

Veðrið fer kólnandi:

Áfram væta í veðurkortunum

VEÐURFAR Veður verður áfram vætusamt ef marka má veðurspár. Votviðri verður á sunnanverðu landinu fram að næstu helgi en minni úrkoma annars staðar.

Vind lægir þó nokkuð og þurfa landsmenn því væntanlega ekki að búast við óveðri eins og verið hefur á liðnum dögum.

Hitastig lækkar um land allt á morgun en hækkar aftur á miðvikudag og helst líkast til ofan við frostmark fram að helgi. - vþ

Öldrunarsvið Landspítalans hagræðir upp á fjörutíu milljónir króna:

Deild heilabilaðra á Landakoti lokað

HEILBRIGÐISMÁL Deild heilabilaðra á Landakoti verður lokað 1. mars á næsta ári og sjúklingar færðir á eina deild auk þess sem tíu hvíldarpláss á spítalanum verða nýtt fyrir heilabilaða.

„Okkur er gert að hagræða upp á fjörutíu milljónir á öldrunarsviði og það er gert með því að renna tveimur deildum saman og vonast til þess að starfsfólk færist milli deilda," segir Pálmi V. Jónsson, sviðstjóri lækninga á öldrunarsviði.

Átta rúm eru ónotuð vegna starfsmannaskorts á deildunum og mikill kostnaður er vegna yfirvinnu og aðkeyptrar þjónustu.

Ingibjörg Hjaltadóttir, sviðstjóri hjúkrunar á öldrunarsviði, segir ekki hentugt að setja heilabilaða í hvíldarplássin sem losni því ekki hafi reynst vel að hafa heilabilaða á blandaðri deild.

Heilbrigðisráðuneytið bauð fyrir skömmu út tuttugu hvíldarpláss en ekki er ljóst hvort þau verði komin í gagnið þegar hvíldarplássunum á Landakoti verður lokað í mars. Síðastliðin tíu ár hafa plássin verið vel nýtt að sögn Ingibjargar og alla jafna eru um þrjátíu til fjörutíu manns á biðlista.

„Það sem gerir okkur mjög erfitt fyrir er hversu margir heilabilaðir bíða hjá okkur eftir að komast á hjúkrunarheimili. Á meðan bíður fólk á bráðadeildum spítalans, sem kemst ekki til okkar í endurhæfingu og missir jafnvel getuna til að endurhæfast meðan það bíður," segir Ingibjörg. - eb

ALDRAÐIR Um fimmtíu manns bíða á Landakoti eftir að komast á hjúkrunarheimili fyrir heilabilaða. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar beint. MYND/EINAR ÖRN



NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is

Hjá Nova færðu aðgang að stærsta skemmtistað í heimi,
Internetinu, beint í símann þinn!

Gullpakkinn
Internet í símann
~~990~~ kr./mán. fylgir
með á **0** kr./mán.

Internetið // MSN
CNN // MTV // Skífan TV
Hringitónar // Vinatónar

NOKIA
6120
Internetsíminn!

890 kr.
á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:
9.900 kr.

Fullt verð: ~~24.900~~ kr.

Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

Nova býður þennan farsíma og fjölda annarra á frábæru tilboðsverði!

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lágmúla og Smáralind | Þjónustuver 5191919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 14.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,00	62,30
Sterlingspund	125,85	126,47
Evra	90,16	90,66
Dönsk króna	12,081	12,151
Norsk króna	11,333	11,399
Sænsk króna	9,552	9,608
Japanskt jen	0,5499	0,5531
SDR	97,60	98,18

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,5766
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Slagsmál brutust út á útskriftarballi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum:

Dyravörður missti tönn á skólaballi

VESTMANNAEYJAR „Það er alveg ömurlegt þegar nokkrir einstaklingar skemma svona viðburð sem hefur kostað mikla vinnu að skipuleggja," segir Kristinn E. Árnason, varaformaður nemendafélags Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, en mikil slagsmál brutust út á útskriftarballi skólans sem haldið var í Týsheimilinu á föstudagskvöld.

Lögreglan í Vestmannaeyjum var þrisvar sinnum kölluð á staðinn vegna slagsmála og dyravörður missti tönn í átökum við ballgest. Ballið var stöðvað klukkan þrjú og staðurinn rýmdur. Að sögn lögreglu var enginn handtekinn vegna látanna en þó má búast við eftirmálum vegna tannarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins brutust slagsmálin út þegar piltur úr Vestmannaeyjum hugðist kýla Selfyssing sem hann kvaðst eiga eitthvað sökótt við. Mennirnir slógust og að lokum fór svo að Selfyssingurinn þorði ekki út af ballinu nema í lögreglufylgd af ótta við pilta sem biðu hans fyrir utan staðinn og ætluðu að lúskra á honum.

Kristinn segir að slagsmálin hafi einskorðast við anddyrið og bílaplanið en þeir sem hafi verið inni á ballinu sjálfu hafi skemmt sér vel. - þo

TÝSHEIMILIÐ Útskriftarballið var haldið í Týsheimilinu. Ballið var leyst upp klukkan þrjú.
MYND/ÓSKAR FRIÐIRKSSON

Fundað um fuglaflensu:

Danir óttast fuglaflensuna

DANMÖRK Danskir vísindamenn íhuga hvort hækka eigi viðbúnaðarstig þar í landi vegna fuglaflensutilfellis sem kom nýverið upp í fuglum á kjúklingabúi norðan við Berlín, höfuðborg Þýskalands. Frá þessu var skýrt á vef dagblaðsins Politiken í gær.

Vísindamennirnir sóttu sérlegan neyðarfund um viðbúnaðarstigið, en þar sem óvíst var hvort flensan hefði borist til Danmerkur var engin ákvörðun tekin á fundinum að svo stöddu.

Þó er danskur almenningur hvattur til þess að tilkynna yfirvöldum um tilfelli sjálfdauðra villtra fugla. - vþ

SVALBARÐI Rússar hafa sagst vilja gæta hagsmuna sinna á eyjunum.

Hernaðarumsvif á Svalbarða:

Rússar vilja auka áhrif sín

NOREGUR Rússar vilja hafa aukin áhrif á stjórnsýslu heimsskautaeyjaklasans Svalbarða, samkvæmt vef norska dagblaðsins Aftenposten.

Rússneskir ráðamenn hafa lýst því yfir að þeir hafi hagsmuna að gæta á eyjunum. Að undanförnu hafa Rússar unnið markvisst að því að auka hernaðarumsvif sín á norðurheimsskautasvæðinu. Yfirlýsing þeirra varðandi stöðu sína á Svalbarða kemur Norðmönnum því ekki á óvart.

Sem stendur búa um fimm hundruð Rússar á Svalbarða en margt bendir til að sú tala muni hækka á næstunni. - vþ

Kona flutt á neyðarmóttöku:

Nauðgun til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar meinta nauðgun sem mun hafa átt sér stað í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags.

Kona var flutt á neyðarmóttöku en grunur leikur á að henni hafi verið nauðgað á skemmtistað. Að sögn lögreglu er rannsókn málsins á frumstigi og því engar upplýsingar að fá um málið að svo stöddu.

Þá voru sex líkamsárásir tilkynntar lögreglu um nóttina, allar minniháttar. - þo

Verðbólgumarkmið ekki staðist síðustu fjögur ár

Í hönd fer sjöunda árið síðan samkomulag um verðbólgumarkmið var handsalað. Markmiðin hafa ekki staðist í tæp fjögur ár. Sérfræðingar segja þó ekkert annað í stöðunni en að gefa tilrauninni meiri tíma.

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn tilkynnir á fimmtudag hvort breytingar verði á stýrivöxtum, en þeir standa í dag í 13,75 prósentum. Sérfræðingar sem rætt var við telja mestar líkur á því að bankinn hækki enn vextina.

Nú styttist í að fjögur ár verði liðin frá því verðbólgan var síðast innan verðbólgumarkmiða Seðlabankans og eðlilegt að spyrja hvort þessi aðferð til að halda niðri verðbólgunni virki.

Aðalhagfræðingur Seðlabankans lýsti sjálfstæðri peningastefnu og fljótandi gengi fyrir svo lítið land sem hagfræðilegri tilraunastarfsemi í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið nýlega.

„Þeir tveir aðilar sem eiga að sjá um hagstjórnina hafa á undanförnum árum ekki verið að toga í sömu áttina," segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ. Samtökin hafa ítrekað gert athugasemdir við aukin ríkisútgjöld og skattalækkanir á sama tíma og Seðlabankinn hefur barist við að halda verðbólgu niðri.

„Það er ekki alveg fullljóst hvort þetta kerfi gangi upp, en það sækja auðvitað að manni efasemdir þegar illa gengur svo lengi," segir Ólafur Darri. Hann sér tvo kosti í stöðunni. Annars vegar að búa áfram við sama kerfi en reyna að láta fjármál hins opinbera vinna betur með Seðlabankanum. Hinn kosturinn sé að sækja um fulla aðild að Evrópusambandinu og stefna að upptöku evrunnar.

Til þess að Ísland geti tekið upp evruna með inngöngu í myntbandalagið þarf að uppfylla ströng skilyrði um stöðugleika.

„Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að uppfylla þau skilyrði hvort sem við ætlum að sækja um eða ekki, verkefnið er að koma á stöðugleika," segir Ólafur.

Sveinn Agnarsson, fræðimaður hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, er fylgjandi því að gefa Seðlabankanum meiri tíma til að sanna gildi peningastefnunnar. Aðstæður undanfarin ár hafi verið bankanum óhagstæðar og enginn betri kostur sé í stöðunni.

STÝRIVAXTAHÆKKUN? Vegna aukinnar einkaneyslu og annarra þátta er líklegt að Seðlabankinn hækki stýrivexti á vaxtaákvörðunardegi á fimmtudag, að mati sérfræðinga.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég myndi allavega vilja gefa þeim tækifæri áfram. Mér finnst óeðlilegt að tala um að fella burt verðbólgumarkmið, þau hafa ekki verið við lýði svo lengi," segir Sveinn.

Hann sér þrjá möguleika í stöðunni. Hann mælir með fyrsta kostinum, óbreyttum markmiðum. Annar möguleiki sé breytt peningamálastefna en með sjálfstæðum seðlabanka, til dæmis með inngripum á gjaldeyrismarkaði.

Þriðji kosturinn sé svo upptaka erlendrar myntar. Sveinn bendir þó á að ætli menn að taka upp evruna með gagnkvæmri tryggingu sé það langt ferli. Miðað við það gengisflökt sem verið hafi á krónunni undanfarin ár muni taka langan tíma að ná þeim stöðugleika sem þurfi til að ganga í myntbandalagið.

Hann tekur þó undir með Ólafi Darra og segir að hvort sem stefnt sé á myntbandalagið eða ekki sé rökrétt fyrir stjórnvöld að vinna að auknum stöðugleika á komandi árum.

brjann@frettabladid.is

VERÐBÓLGA OG STÝRIVEXTIR

- Samkomulag ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands um verðbólgumarkmið var undirritað 27. mars 2001, fyrir tæplega sjö árum. Stefnt var að því að verðbólga yrði innan við 2,5 prósent.
- Um þessar mundir eru þrjú ár og níu mánuðir síðan verðbólgan var síðast innan markmiða, í apríl 2004.
- Eina tækið sem Seðlabankinn beitir gegn verðbólgunni er að hækka stýrivexti. Þeir eru nú 13,75 prósent.
- Verðbólga er nú 5,9 prósent, rúmlega tvöfalt hærri en að er stefnt.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VINDAR Í KORTUNUM

Enda þótt víða sé rólegheitaveður nú með morgninum fer vindur vaxandi fyrst við suðaustur- og austurströndina. Síðdegis eru horfur á hvössum vindi á þeim slóðum. Með kvöldinu hvessir hins vegar bæði norðanlands og á landinu vestanverðu, 10-18 m/s þar um slóðir í kvöld. Þessu veðri fylgir væta og það víða um land í dag.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg breytileg átt í fyrstu en suðaustan 13-18 í kvöld. Rigning eftir hádegi. Hlýnar eftir því sem líður á daginn.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



10-15 m/s en hægari sunnan til.

» miðvikudagur



10-15 m/s vestast á landinu, annars hægari.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C heiðskírt	London	7°C heiðskírt	Friedrichshafen	4°C hálfskýjað
Billund	3°C heiðskírt	París	2°C heiðskírt	Lúxemborg	0°C heiðskírt
Osló	-4°C heiðskírt	Amsterdam	4°C heiðskírt	Alicante	13°C skúrir
Stokkhólmur	1°C heiðskírt	Frankfurt	3°C hálfskýjað	Róm	10°C rigning
Gautaborg	4°C hálfskýjað	Berlín	2°C heiðskírt	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Fær fjölskylda þín **endurgreiðslu?**

„Við erum lítil og ánægð fjölskylda“

„Ég er mín eigin fjölskylda“

Fjölskyldan í ótal myndum

„Við erum stór og samheldin fjölskylda“

SPRON Fjölskylduvild ...

... er vildarþjónusta sem hentar fjölskyldunni í hvaða mynd sem hún er og er án endurgjalds.

Í fjölskylduvildinni getur fjölskyldan notið fjárhagslegs ávinnings í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Endurgreiðsla og fríðindi sem munar um!

- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, erlendra lána, yfirdrátta og víxla.
- Sérkjör á tryggingum hjá VÍS
- 50% endurgreiðsla af debetkortaárgjöldum
- Vegleg inngöngugjöf, möguleiki á tómstunda-styrkjum og margt fleira

Hæsta endurgreiðsla á einstakling í SPRON Fjölskylduvild fyrir árið 2006 nam 68.672 kr.!

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót

og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

75 ára | spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á www.spron.is.

KJÖRKASSINN

Á að fræða grunnskólabörn um alnæmi og öruggt kynlíf?

Já 93,4%

Nei 6,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Heggur þú þitt eigið jólatré?

Segðu þína skoðun á visir.is

Heimsbyggðin getur fylgst með jólamessu í Grafarvogskirkju á Stöð tvö og Vísi:

Aftansöngnum sjónvarpað

MENNING „Við erum sannfærð um að útsendingin eigi eftir að falla í góðan jarðveg og vonum að þetta verði fastur liður í jóladagskránni héðan í frá," segir Pálmi Guðmundsson, dagskrárstjóri Stöðvar tvö, en aftansöng Grafarvogskirkju verður sjónvarpað beint á Stöð tvö og vefmiðlinum Vísi á aðfangadagskvöld.

Séra Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, er að vonum ánægður með útsendinguna. „Mér finnst þetta ákaflega skemmtilegt og er viss um að fjölmargir eiga eftir að fylgjast með, ekki síst Íslendingar sem búa erlendis og geta nú í fyrsta sinn horft á aftansöng á vef Vísis," segir Vigfús.

SÉRA VIGFÚS Í GRAFARVOGSKIRKJU Aldrei hafa jafn margir átt völ á að horfa á íslenskan aftansöng í beinni útsendingu á aðfangadagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vigfús segir að þrátt fyrir sjónvarpsútsendinguna verði athöfnin á engan hátt með öðrum hætti en sóknarbörnin eiga að venjast. „Þetta verður hátíðleg samverustund. Egill Ólafsson syngur einsöng líkt og hann hefur gert hjá okkur í meira en áratug og kórinn verður á sínum stað," segir séra Vigfús.

Hjörleifur Valsson fiðluleikarisér um undirspil ásamt fleiri tónlistarmönnum og Hörður Bragason organisti verður við orgelið.

Útsending Stöðvar tvö og Vísis hefst klukkan sex á aðfangadagskvöld.

- þo

Stjórnarandstaðan í Pakistan:

Hyggst ógilda breytingarnar

PAKISTAN, AP Stjórnarandstæðingar í Pakistan segjast ætla að breyta stjórnarskrá landsins aftur til fyrra horfs, komist þeir til valda í þingkosningum í janúar.

Pervez Musharraf aflétti á laugardag neyðarástandi, sem hann lýsti yfir í byrjun nóvember. Daginn áður hafði hann breytt ákvæðum stjórnarskrárinnar um forsetakosningar.

Helstu dagblöð Pakistans hrósuðu Musharraf fyrir að aflétta neyðarástandinu, en gagnrýndu hann jafnframt fyrir að breyta stjórnarskránni.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Laminn í heimahúsi á Hellu

Maður var fluttur á Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli á laugardagskvöld eftir líkamsárás í heimahúsi á Hellu. Þar hafði kastast í kekki milli manna með fyrrgreindum afleiðingum. Enginn var handtekinn vegna málsins.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Með fíkniefni á Draugabar

Lögreglan á Selfossi handtók í fyrrinótt mann á Draugabarnum á Stokkseyri eftir ábendingar frá dyraverði um að maðurinn væri með fíkniefni. Lítilræði af hvítu efni fannst á manninum, líklega ætlað til eigin neyslu.

ÍRASKI HERINN TEKINN VIÐ Íraskir sérsveitarmenn í Basra að lokinni afhendingarathöfninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Basra-hérað afhent

Breski herinn hefur afhent heimamönnum Basra-hérað syðst í Írak, en verður þó áfram til taks ef á þarf að halda og aðstoðar við þjálfun íraskra hermanna. Breskum hermönnum í Írak verður fækkað úr 4.500 í 2.000 fyrir vorið.

ÍRAK, AP Breski herinn fór í gær frá Basra-héraði í Írak og afhenti heimamönnum formlega yfirstjórn öryggismála í héraðinu. Þar með eru öryggismál í níu af átján héruðum Íraks komin undir stjórn heimamanna.

„Við ætlum að halda áfram að aðstoða við þjálfun öryggissveita í Basra," sagði Graham Binns herforingi, yfirmaður breska herliðsins í Basra, við þetta tækifæri. „En við erum gestir í landi ykkar og munum haga okkur í samræmi við það."

Fyrstu mánuðina eftir innrásina í Írak voru 40 þúsund breskir hermenn í landinu. Þeir eru nú 4.500 og verður fækkað í 2.000 fyrir vorið. Bretar segjast þó ætla að vera áfram til taks til að aðstoða Íraka ef hörð átök brjótast út.

„Enn er mikið ofbeldi í þessu samfélagi, og á því þarf að taka, en það eru íraskir ráðamenn sem þurfa að taka á því," segir David Miliband, utanríkisráðherra Breta, sem tók þátt í afhendingarathöfn sem efnt var til á flugvellinum í Basra.

Í Bretlandi hefur allt frá upphafi verið lítill stuðningur við þátttöku breska hersins í hernaðinum í Írak. Alls hafa 174 breskir hermenn látið lífið í Írak frá því innrásin hófst í mars árið 2003.

Bandarískir herinn hefur enn í sínum höndum stjórn í níu héruðum Íraks, þar á meðal á verstu átakasvæðunum í Diyala og Anbar, ásamt höfuðborginni Bagdad.

Í janúar síðastliðnum fullyrti George W. Bush Bandaríkjaforseti að í nóvember yrðu heimamenn tilbúnir til þess að taka að sér stjórn öryggismála í landinu öllu.

Íbúar í Bagdad sögðust sumir tortryggnir á að íraskir hermenn væru í stakk búnir til að taka að sér stjórn öryggismála í Basra, en margir sögðu þetta skref í rétta átt. „Ég vona að þessu verði fylgt eftir með sams konar áföngum víðar í landinu. Þessi skref eru af hinu góða fyrir Íraka," segir Awatif Qazaz, kona sem býr í Bagdad.

> Enn er mikið ofbeldi í þessu samfélagi, og á því þarf að taka, en það eru íraskir ráðamenn sem þurfa að taka á því.
>
> **DAVID MILIBAND**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA BRETA

Basra-hérað er syðst í Írak þar sem sjía-múslimar eru í yfirgnæfandi meirihluta. Bandarískir embættismenn hafa látið í ljós ótta um að valdatóm geti myndast í suðurhluta landsins eftir brotthvarf breska hersins.

gudsteinn@frettabladid.is

Snjóleysi á flestum skíðasvæðum landsins og útlitið ekki bjart um jólin:

Útlitið er best í Hlíðarfjalli

ÚTIVIST Þrátt fyrir að vetur standi nú sem hæst hefur skíðafæri á landinu eitthvað látið á sér standa. Þannig var lokað á flestum skíðasvæðum landsins nú um helgina og alls óvíst með opnanir á næstunni.

Lokað var á skíðasvæði höfuðborgarbúa í Bláfjöllum þar sem ekki var nægur snjór í brekkunum.

Í Skálafelli var einnig lokað sökum snjóleysis. Nokkurn snjó mátti þar finna á neðra svæðinu, en nánast snjólaust var meðfram stólalyftunni.

Á Ísafirði hefur gönguskíðasvæðið verið opið undanfarið en svigskíðasvæðið var aftur á móti lokað vegna snjóleysis.

Íbúar Austurlands komust ekki heldur á skíði um helgina þar sem að skíðasvæðið í Oddsskarði var lokað.

Skíðasvæðið á Siglufirði var lokað um helgina og óvíst hvenær það verður opnað. Skíðasvæðið á Dalvík var lokað um helgina en verður opnað í dag.

Skíðasvæðin í Hlíðarfjalli og á Sauðarkróki voru aftur á móti opin um helgina. Þar var nægur snjór og gott skíðafæri þrátt fyrir hlýindin.

„Við höfum opið í hlíðunum sem við erum búin að framleiða snjó í. Spáin er ágæt þannig að við verðum með opið fram að jólum. Við stefnum svo að því að hafa allar skíðaleiðir opnar á milli jóla og nýárs" segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls.

SKÍÐAFÓLK Það er ekki víða á landinu sem hægt er að stunda skíðaíþróttina um þessar mundir.

- vþ

01 · 10452

LÍNAN

STÆKKANLEGT BORÐSTOFUBORÐ Í LEIT AÐ JÓLABOÐI

Bono | Verð 124.500

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18, lau 11-16 og sun 13-16

Minnihlutinn gagnrýndi vinnubrögð ríkisstjórnar og sagði hagræðingu ólíklega:

Ýmis verkefni flutt á milli ráðuneyta

ALÞINGI Frumvörp um flutning verkefna milli ráðuneyta voru samþykkt á Alþingi á föstudag. Þingmenn Vinstri grænna gagnrýndu ríkisstjórnina fyrir ófagleg vinnubrögð í málinu. Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagðist draga það stórlega í efa að breytingarnar leiddu til hagræðingar.

Samkvæmt tveimur frumvörpum ríkisstjórnarinnar verða ýmis verkefni flutt á milli ráðuneyta. Málefni almannatrygginga verða að mestu færð úr heilbrigðisráðuneyti í félagsmálaráðuneyti. Sveitarstjórnarmál verða færð frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis og ferðamál frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis, svo fátt eitt sé nefnt.

Atli sagði ýmis atriði hafa verið gagnrýnd af umsagnaraðilum þegar frumvarpið var til umræðu í þingnefndum. Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði frumvarpið „mikinn óskapnað".

Samkvæmt frumvarpi um almannatryggingar verður sérstök stofnun sett á fót sem sér um þann hluta almannatrygginga sem verður áfram í umsjón heilbrigðisráðuneytis. Vinstri grænn gagnrýndu að lög um þessa stofnun væru ekki til staðar og að heilbrigðisráðherra fengi að setja hana á fót án samráðs við Alþingi.

FERÐAÞJÓNUSTA Málefni ferðaþjónustunnar verða flutt frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis.

„Þessi stofnun virðist eiga að fá veigamikið hlutverk sem innkaupandi á velferðarþjónustu, sem margt bendir til að ríkisstjórnin ætli í stórauknum mæli að færa yfir á einkamarkað," sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann óskaði eftir að ákvæðið um stofnunina yrði fellt út úr frumvarpinu. Því var hafnað.

„Við eigum að vera umburðarlynd þegar ríkisstjórnin óskar eftir að breyta sínu skipulagi, í stað þess að finna því allt til foráttu," sagði Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. **- sgj**

LÖGREGLUMENN VIÐ STÖRF Kaup á olíu fyrir farartæki lögreglunnar eru meðal málsatriða í máli íslenska ríkisins gegn olíufélögunum.

Samráð fyrir útboð 1996 kjarni málsins

Samráð fyrir útboð vegna olíukaupa Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar og Vegagerðarinnar er óumdeilt. Lögmenn olíufélaganna telja ekkert fjárhagstjón hafi orðið og hafa hafnað bótaskyldu.

DÓMSMÁL Mál íslenska ríkisins gegn olíufélögunum snýst öðru fremur um kaup á olíu fyrir farartæki Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar og Vegagerðarinnar, þar á meðal varðskip og þyrlur, á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.

Líklegt má telja að bótakrafan taki mið af útboðum á haustmánuðum 1996 en ekkert liggur fyrir um það enn þar sem bótakrafan er ekki tilbúin.

Lögmenn olíufélaganna höfnuðu viðurkenningu á bótaskyldu þar sem þeir töldu samráðið ekki hafa valdið neinu fjárhagstjóni fyrir ríkið.

Deilt hefur verið um það í öðrum dómsmálum er tengjast samráðinu hvort brot séu fyrnd. Ekkert liggur fyrir um að svo sé í þessu máli, samkvæmt lögmönnum sem Fréttablaðið ræddi við.

Í Fréttablaðinu 30. ágúst í fyrra staðfesti Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi í samgönguráðuneytinu, að líklega gæti krafan vegna viðskipta Vegagerðarinnar numið um 178 milljónum króna. Skeljungur og Olís áttu að stærstum hluta í viðskiptum við ráðuneytið.

Samráðið fyrir útboðin 1996 er óumdeilt en samkeppnisyfirvöld komu upp um það, eins og mörg önnur einstök samráðstilvik olíufélaganna, með rannsókn eftir húsleitir. Þeirri rannsókn lauk með því að félögin voru sektuð um 1,5 milljarða króna.

Forstjórar olíufélaganna, Kristinn Björnsson, Geir Magnússon og Einar Benediktsson, hittust meðal annars á fundum 2. ágúst, 7. ágúst og 5. september 1996 en útboð vegna olíukaupa ríkisins fóru fram skömmu síðar. Í skýrslu samkeppnisyfirvalda vegna samráðs olíufélaganna kemur fram að forstjórarnir hafi hist á fundi 12. september sama ár og rætt tillögur Kristins um verðtilboð félaganna. Í fundargerð Olíufélagsins frá 10. september kemur sérstaklega fram að unnið hafi verið að því að tryggja „framlegð af viðskiptum við opinbera aðila".

Við rannsókn samkeppnisyfirvalda á samráðinu fannst skjal í fórum Kristins þar sem segir að „sala verði gerð upp þannig að Skeljungur hf. gefur hinum félögunum upp sölu til opinberra fyrirtækja á 3ja mánaða fresti".

magnush@frettabladid.is

Robert Gates varnarmálaráðherra um bandamenn:

Dregur úr þrýstingi

EDINBORG, AP Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að draga úr þrýstingi á bandamenn í NATO að þeir leggi til fleiri hermenn til hinnar vopnuðu baráttu gegn uppreisnarmönnum í Afganistan.

Eftir tveggja daga viðræður í Edinborg með starfsbræðrum sínum frá Bretlandi, Kanada og fimm öðrum NATO-ríkjum, hverra hermenn bera hitann og þungann af átökunum í suður- og austurhluta Afganistans, sagði Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, að hann myndi áfram mæla fyrir því að bandamenn legðu meira af mörkum. En með tilliti til „pólitísks veruleika" sem evrópskar ríkisstjórnir stæðu frammi fyrir myndi hann fara fínna í það hér eftir. **- aa**

ný inspiron™

Lífið er í lit!

Dell mælir með
Windows Vista
Home Premium

KR.
148.000*

Inspiron™ 1520

Falleg og gáfuð félagsvera með öflugri myndvinnslu

- Intel®Core™2 Duo örgjörvi T5550, 1,83 Ghz, (667 Mhz FSB, 2MB L2 cache)
- Windows Vista Home Premium
- 15,4" Wide Screen WXGA TrueLife™ skjár og 2,0 MP myndavél WXGA+
- 2GB vinnsluminni
- 160GB harður diskur
- DVD+/-RW geisladrif
- nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort með 256MB minni
- Innbyggt mótald / Bluetooth / þráðlaust netkort, Dell 1505 / netkort
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

8 LITIR. BREIÐUR HÁSKERPUSKJÁR. LANGDRÆGT ÞRÁÐLAUST NET.

Kryddaðu tilveruna með Inspiron™ 1520. Þessi fullkomna alhliða ferðatölva er uppfull af möguleikum. Hún styður allar gerðir margmiðlunar og er með háskerpubreiðskjá, margmiðlunarhnöppum framan á, 2 MP innbyggðri vefmyndavél, langdrægu þráðlausu neti, Bluetooth®, DVD-RW og kortalesara sem les 8 gerðir korta.

Intel® Centrino® Duo örgjörva tækni með Intel® Core™2 Duo örgjörva.
Mikil afkastageta og betri nýting á rafhlöðu.

DELL™
YOURS IS HERE

* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

© 2007 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Inspiron are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..
Intel, the Intel logo, Centrino, Intel Core and Core Inside, are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

EJS

ICEBANK

Víxlar Icebank hf. teknir til viðskipta á OMX Nordic Exhcange Iceland

Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt lýsingar vegna víxla bankans sem verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland. Lýsingarnar eru aðgengilegar almenningi frá og með 17. desember 2007 og er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda, www. icebank.is, og í prentuðu formi hjá útgefanda að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

Eftirfarandi víxlaflokkar verða teknir til viðskipta:

Víxlaflokkur að fjárhæð 3.000.000.000 kr. var gefinn út þann 3. desember 2007 og verður tekinn til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland 19. desember 2007. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland verður ICB 08 1112. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 12. nóvember 2008.

Víxlaflokkur að fjárhæð 3.000.000.000 kr. var gefinn út þann 3. desember 2007 og verða 2.000.000.000 kr. teknar til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. 19. desember 2007. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland verður ICB 08 1217. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 17. desember 2008.

Umsjónaraðili skráningarinnar í OMX Nordic Exchange Iceland er Icebank hf.

17. desember 2007

Óttar M. Norðfjörð blæs til mótmæla gegn skipulagi miðbæjarins:

Miðbænum breytt í Mjódd

REYKJAVÍK Óttar M. Norðfjörð heimspekingur hefur boðað til fundar um málefni miðbæjar Reykjavíkur. Í fundarboðinu segir að til standi að rífa hundrað byggingar í miðborginni, ryðja eigi Kolaportinu fyrir bílastæði og breyta eigi gamla miðbænum í Mjóddina.

„Það er ekki ætlunin að stofna ný samtök enda eru þau nú þegar til," segir Óttar og vísar þar til Torfusamtakanna. „Við viljum virkja þann höfuðlausa her fólks sem hingað til hefur bölvað niðurrifi húsanna hvert í sínu horni. Þetta er spurning um nú eða aldrei, því á næsta ári verða

ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ Heldur fund um niðurrif húsa í miðbæ Reykjavíkur.

húsin horfin," heldur Óttar áfram og segist hafa fengið góð viðbrögð við fundarboðinu.

Snorri Freyr Hilmarsson, formaður Torfusamtakanna, hefur verið beðinn um að fara yfir stöðu skipulagsmála á fundinum.

„Ég held að það hafi nú verið fallið frá áformum um að setja bílastæði í stað Kolaportsins, en það er ljóst að samkvæmt deiliskipulagi má rífa hundrað hús í miðbænum og það er okkar tilfinning að afleiðingar skipulagsins hafi ekki verið skoðaðar," segir Snorri. „Það þarf að byggja upp Laugaveginn og við höfum bent á leiðir þar sem uppbygging og friðun fara saman," segir Snorri Freyr að lokum.

Fundurinn verður haldinn á barnum Boston við Laugaveg annað kvöld klukkan 20. **- eb**

Reiðufjárfundur í Argentínu:

Sakir bornar á Venesúelastjórn

ARGENTÍNA, AP Cristina Fernandez, nýr forseti Argentínu, hefur brugðist ókvæða við bandarískum kenningum um að ferðataska full af reiðufé sem var gerð upptæk af argentínskum tollvörðum í ágúst hafi verið ætluð sem styrkur frá Venesúelaforseta til framboðsbaráttu hennar. Kallaði hún aðdróttanirnar dæmi um „sorp í alþjóðastjórnmálum".

CRISTINA FERNANDEZ

Bandarískir saksóknarar halda því fram að dollararnir 800.000 sem í töskunni voru hafi verið ætlaðir til styrktar kosningabaráttu Fernandez. Þeir hafi sannanir fyrir því að þá sem tengist málinu sé að finna allt upp í æðstu raðir ráðamanna í Venesúela. Venesúelaforseti segir málið „uppspunnið hneyksli". **- aa**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slegist í miðbæ Akureyrar

Tvær líkamsárásir komu til kasta lögreglunnar á Akureyri í fyrrinótt og voru tveir menn handteknir. Einn var fluttur á slysadeild eftir aðra árásina með minni háttar meiðsli í andliti.

VIÐ LAUGARVATN Nýja byggingarsvæðið er þar sem skurðirnir eru sunnan Menntaskólans á myndinni. MYND/PÁLL MAGNÚS SKÚLASON

Segir verktaka fá 30 milljónir á silfurfati

Kvartað hefur verið til félagsmálaráðuneytisins yfir Bláskógabyggð, sem úthlutaði gatnagerð og tíu lóðum á Laugarvatni til eins verktaka án útboðs. Krafist er rannsóknar á stjórnsýslunni.

STJÓRNSÝSLA „Menn halda að þeir séu kosnir í sveitarstjórn til að stunda einkavinavæðingu," segir Sigurður Sigurðsson í Ásvélum ehf. sem vill að félagsmálaráðuneytið rannsaki úthlutun Bláskógabyggðar á jarðvinnu og lóðum á Laugarvatni.

Skipulagðar hafa verið um þrjátíu íbúðarlóðir sunnan Menntaskólans á Laugarvatni. Samið var án útboðs við fyrirtækið Byggingarfélag Laugarvatns um gatnagerð og holræsagerð í hverfinu. Fyrir vikið fær fyrirtækið meðal annars tíu lóðir að eigin vali.

Sigurður, sem kvartaði til félagsmálaráðuneytisins, telur stjórnsýslu Bláskógabyggðar í þessu máli ekki standast. Sjálft verkið sem unnið sé fyrir bæinn hljóti að vera vel yfir 100 milljóna króna virði og útboðsskylt og að ekki gangi að færa verktökunum áðurnefndar lóðir án auglýsingar og útboðs. Krefst Sigurður þess að ráðuneytið rannsaki málið og sjái til þess, hafi hann rétt fyrir sér, að samningurinn við Byggingarfélag Laugarvatns (BL) verði ógiltur og lóðirnar auglýstar í samræmi við úthlutunarreglur lóða í Bláskógabyggð.

Að sögn Sigurðar er BL fært mikið fé með því að leyfa fyrirtækinu að velja sér lóðir fyrir utan að hafa fengið undirbúningsvinnu á svæðinu án útboðs. „Þetta er mjög erfitt byggingarsvæði þar sem eru frá fjórum til níu metrar niður á fast. Það getur skipt milljónum króna að velja bestu lóðirnar," segir Sigurður, sem áætlar að vegna þessa hagnist BL umfram aðra verktaka um þrjátíu til fjörutíu milljónir króna á lóðunum tíu. Sjálfur hafi hann lengi beðið eftir bæði jarðvinnuverkefnum og lóð á Laugarvatni undir starfsemi sína.

> Ég tel engan vafa á því að það sé verið að færa mönnum þetta á silfurfari.
>
> **SIGURÐUR SIGURÐSSON**
> VERKTAKI

„Ég tel engan vafa á því að það sé verið að færa mönnum þetta á silfurfati," segir Sigurður, sem aðspurður telur skýringuna á vinnubrögðum sveitarstjórnarinnar liggja í fjölskyldutengslum milli BL og sveitarstjórnarinnar.

Félagsmálaráðuneytið hefur óskað eftir sjónarmiðum Bláskógabyggðar í málinu. Valtý Valtýssyni sveitarstjóra hefur verið falið að svara ráðuneytinu fyrir hönd sveitarfélagsins. Hvorki náðist í Valtý né Margeir Ingólfsson oddvita við vinnslu fréttarinnar. **gar@frettabladid.is**

Líkamspartaþjófa leitað:

Skáru „lækningafótlegg“ af

INDLAND Lögreglan á Indlandi leitar nú tveggja manna sem grunaðir eru um að hafa skorið fótlegg af áttræðum manni og skilið hann eftir í blóði sínu.

Maðurinn hafði haldið því fram að í fótleggnum byggi lækningamáttur. Sagt er frá því á vef BBC að maðurinn sé nú á batavegi á sjúkrahúsi á Suður-Indlandi.

Mennirnir sem grunaðir eru um verknaðinn buðu manninum áfengi og skáru af honum fótlegginn við hné eftir að hann dó áfengisdauða. Þeir beittu hníf við aflimunina, sem var að sögn lögreglu afar harkaleg. **- bj**

Oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Kópavogs gagnrýnir kaup á hesthúsalóðum:

Svimandi verð á fermetrann

SVEITARSTJÓRNIR „Enn og aftur kostar flumbrugangur og bráðlæti meirihlutans bæjarsjóð tugi milljóna þar sem samningsstaða bæjarins við lóðarhafa er engin,“ bókar Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs.

Guðríður gagnrýnir kaup bæjarins á hesthúsalóðum konu einnar í Heimsendahverfinu. Hún segir kaupin afleiðingu klúðurs sem orðið hafi þegar Kópavogsvær keypti upp hesthúsahverfið í Glaðheimum. Hestamönnum var lofuð aðstaða í Heimsenda í staðinn.

„Hér er verið að yfirtaka byggingarrétt á landi sem Kópavogsbær á nú þegar, án allra mannvirkja, á tæpar 10 þúsund krónur per fermetra sem er svimandi há upphæð fyrir byggingarrétt á hesthúsum,“ bókar Guðríður og fullyrðir að „flýtir og æðubunugangur í kjölfar þess er hestamenn í Gusti voru hraktir úr Glaðheimum“ hafi kostað bæjarsjóð hundruð milljóna.

HEIMSENDI Hesthúsahverfið í Heimsenda í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einnig lýsir Guðríður yfir vanþóknun fulltrúa Samfylkingarinnar á því að „fjárvana fjárfestar voru leystir úr uppkaupssnörunni með hundruða milljóna hagnaði“ þegar bærinn keypti Glaðheimasvæðið. **- gar**

Stjórnarandstaðan í Ástralíu:

Herinn í hvalveiðieftirlit?

ÁSTRALÍA, AP Stjórnarandstaðan í Ástralíu hefur varað við því að yrði hernum beitt til að hafa eftirlit með japönskum hvalveiðibátum gæti það valdið slitum á stjórnmálasambandi ríkjanna.

KEVIN RUDD

Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, tilkynnir í vikunni hvernig staðið verður að upplýsingasöfnun um hvalveiðar Japana í Suðurhöfum, en Ástralar telja þær ólöglegar.

Skömmu fyrir kosningarnar í nóvember lofaði flokksbróðir Rudd, Robert McClelland, að herinn yrði notaður til eftirlits með japanska flotanum. **- sdg**

„ORÐRÉTT“

Skötuilmur

„Ég þurfti að skjótast um daginn í Vodafone-verslun og fljótlega var mér sagt að ég þyrfti ekki að taka númer því þeir vildu glaðlega afgreiða mig strax.“

JÖRGEN SIGURÐSSON, VERSLUNARSTJÓRI Í FISKISÖGU, Í GREIN UM SKÖTUHEFÐINA OG SKÖTUILMINN.
Fréttablaðið 15. desember

Sítt hár í 25 ár

„Ég hef verið með sítt hár í næstum aldarfjórðung og hef oft pælt í því að klippa mig, bara til að prófa það einu sinni. En ég held að það fyrsta sem ég myndi gera væri að byrja að safna aftur.“

FJÖLNIR BRAGASON, LISTAMAÐUR OG HÚÐFLÚRARI, Í VIÐTALI.
Fréttablaðið 15. desember

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? VALDIMAR ÖSSURARSON, ÁHUGAMAÐUR UM ÍSLENSKT TÆKNISAFN

Staðfest að tæknisafn vantar á Íslandi

„Af tæknisafninu er það að frétta að út er komin áfangaskýrsla annars áfanga. Hún staðfestir það sem við lögðum upp með í byrjun að það er þörf fyrir þjóðartæknisafn á Íslandi, það sem við höfum kallað Tæknisafn Íslands,“ segir Valdimar Össurarson, rekstrarstjóri og áhugamaður um tæknisafnið.

„Við spurðum Kennaraháskóla Íslands hvort þörf væri fyrir tæknisafn og hversu mikil hún væri. Kennaraháskólinn skilaði okkur skýrslu sem er hluti af áfangaskýrslunni hjá okkur. Þeir öfluðu sér upplýsinga úr skólakerfinu og það er alls staðar staðfest að íslenskt tæknisafn vantar eða það sem erlendis er kallað vísindastofa. Starfsemi safnsins myndi þá byggjast á þremur þáttum, vísindamiðstöð eða vísindastofu, tækniþróunarsafn og útskýringar á tækninni eins og hún er.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu stórglæsileg 100 fm. íbúð á besta stað í miðbæ Rvk. Laus strax. Verð 130-150 þús. á mán. Uppl. í s. 820 0628 & 661 3707.

Íbúð til leigu
Til leigu mjög góð og rúmgóð 3ja herb. íbúð, ca 100 fm, á rólegum og góðum stað í Rvk. Íbúðin er fullbúin húsgögnum og öllum húsbúnaði. Allt til alls. Leiga 128 þús. pr. mán. jjjj@simnet.is

Kósí 2ja herb. íbúð
2ja herb. 60 fm íbúð með garði á svæði 108 til leigu. 120 þús. á mánuði. Laus strax. Uppl. í s. 898 1276.

4ra herbergja íbúð í Suðurhólum 2 er til leigu, laus strax!! Uppl hjá Þorsteini í síma 8619549

2ja herb. íbúð í Kópavogi laus í tæpar 6 vikur (til 1. feb.). Hentar fólki sem bíður afhendingar. Samanlagt 90 þús.kr. S. 5642419 og 8684156.

Til leigu 3-4 herb. íbúð við Fossvog í Kóp. Leigist m. húsg. 130 þ./mán. m. rafm, hita og hússj. Laus í byrjun jan. s. 4990022 & 8640102

Húsnæði óskast

Ein reglusöm og reyklaus óskar eftir einstaklingsíbúð frá 1.feb. Skilvísum greiðslum heitið. Greiðslug. 50-60 þús. s:661-5686 Helen

Ungt nýgift par vantar íbúð eða herb. m. að. að eldhúsi, helst í Hafnarfirði. Bæði reglusöm í góðri vinnu Uppl. síma 892 3929 Helga.

Fasteignir

Til leigu 4 herb. íbúð að Öldugranda. Uppl í síma 8675460 eða hronn60@simnet.is

Atvinnuhúsnæði

Um það bil 200 fm skrifstofu- og lager húsnæði til leigu á svæði 101. Einnig 160 fm lagerhúsnæði upp á höfða. Uppl. í s. 844 1011.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Ekki láta fellihýsið fjúka. Vegna mikillar eftirspurnar höfum við bætt við geymsluplássi fyrir fellihýsi/tjaldvagna. Nánari upplýsingar í síma 869 5336 og 822 3440.

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir glaðlegu og bros-hýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir glaðlegum og bros-hýrum bílstjórum í kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig vantar okkur starfskraft í dagvinnu frá kl. 10-17. Aukavinna í boði ef vill.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR AKUREYRI
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Akureyri. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Starfið stendur báðum kynjum til boða
Allar nánari upplýsingar veitir: Jóhann Guðjónsson í síma 461 4070 tölvupóstfang akureyri@odr.is

VEGAMÓT

Vegamót
Vegamót óskar eftir þjónustufólki í sal, einungis í fullt starf, reynsla æskileg en ekki nauðsynleg.
Upplýsingar á staðnum eða á vegamot@vegamot.is

SUBWAY

Vantar þig vinnu með skóla?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Möguleiki á að byrja strax fyrir jól eða milli jóla og nýárs. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla.
Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.

SUBWAY

Ert þú næturmanneskja?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma: 530-7004

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 659 0646, Nonni.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Rafeindavirki eða snjall ísetningamaður. Nesradíó ehf, Síðumúla 19 vill ráða rafeindavirkja eða mann vanan ísetningum í bíla. Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ragnarsson í síma 5811118 eða á nesradio@simnet.is.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

ATVINNA ÓSKAST

SMIÐIR
Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

PÍPARAR
Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

Múrarar
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
Kraftafl ehf

Smiðir og Byggingaverkamenn
Óskum eftir að ráða smiði og laghenta byggingarverkamenn til starfa sem fyrst

Næg vinna framundan , góð laun í boði.

Um er að ræða uppsettningar á innréttingum , milliveggjum, og hurðaísettningar, svo og önnur allmenn trésmíðavinna.
Allt vinna innandyra

EURO

Upplýsingar í síma 858-7201 og á netfangi efe@simnet.is

Óska eftir vinnu í Hafnarfirði. Frá 8-12 fyrir hád. Hörkudugleg og íslensk. Get byrjað í jan. Uppl;699-3434

Starfsfólk frá Lettlandi: smidir, verkamenn, bilstjorar, raestingafolk o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Fartölva til sölu. X60 Thinkpad/1GB minni/T7200 snúningar/dokka m.geislaadrifi. Uppl. í s. 860 9797.

X-MAS 2007

Hinir árlegu jólatónleikar X-ins 977 verða haldnir þann 20. des n.k á Gauk Á Stöng

Að venju er miðaverð minnst 977 kr og rennur allur ágóði til Foreldrar Hjálpar Íslands. Kaupþing greiðir 500 með hverjum miða sem greiddur er með Kortinu

FRAM KOMA:

Mugison
Sprengjuhöllin
Hjaltalín
Jakobínarína
Sign
Hooker Swing
Seabear
Ultramegatechnobandið Stefán
Lada Sport
Dr. Spock
Strigaskór nr.42
Our Lives

Fíton/SÍA

www.x977.is

97.7

Frá Balí á Bæjarhálsinn

UMRÆÐAN
Loftslagsmál

EDDA LILJA SVEINSDÓTTIR

Loftslagsþing Sameinuðu þjóðanna fór fram á Balí fyrir stuttu. Þar sagði aðalritari SÞ, Ban Ki-moon, að tími aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum væri núna. Hann kallaði breytingarnar „siðferðilega áskorun okkar kynslóðar“ og að það væri hlutverk þróaðri ríkja heims að taka frumkvæði við minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda. Ísland telst til þróaðri ríkja heims og ættum við að taka áskorun aðalritarans í þessum efnum. Hér á landi hefur það sannast að sjálfbær nýting orkulinda er undirstaða hagvaxtar og velferðar og verður það til framtíðar.

Til þess að stuðla að rannsóknum og aukinni menntun á sviði sjálfbærrar orku hafa Orkuveita Reykjavíkur, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands sett á stofn alþjóðlegan, þverfaglegan skóla fyrir tæknimenn, jarðvísindamenn og fólk með menntun á sviði annarra raunvísinda eða viðskipta. Skólinn, sem formlega var opnaður með viðhöfn 3. desember sl., hefur það markmið að mennta leiðandi sérfræðinga á sviði stjórnunar, hönnunar og rannsókna um sjálfbæra orku. Nafn skólans er Reykjavik Energy Graduate School of Sustainable Systems – REYST – og hann býður upp á alþjóðlegt framhaldsnám á háskólastigi sem byggir á þremur stoðum: náttúru, tækni og markaði.

Hvatinn að samstarfi þessara þriggja aðila um REYST er þörfin fyrir stóraukna notkun sjálfbærrar orku. Því er spáð að orkuþörf heimsbyggðarinnar muni aukast um 50% til ársins 2030 og að hún muni aukast alls staðar; ekki síst í þróunarlöndunum. Aðeins hluti orkuframleiðslunnar kemur frá sjálfbærum orkugjöfum og krafan er sú að auka þann hluta. Loftslagshlýnunin er vandamál sem steðjar að öllum löndum heims og flestir eru sammála um að það sé ekki lengur spurning um hvort hægt sé að snúa þróuninni við, heldur hve langan tíma við höfum til stefnu. Talið er að mestu máli skipti í þeirri baráttu að breyta orkukerfunum í sjálfbæra orku. Reynsla og þekking okkar Íslendinga síðustu áratugina við nýtingu jarðhita og vatnsorku er dýrmæt. Það er skylda okkar að koma þessari þekkingu áfram til næstu kynslóða og til heimsins alls. Eins og forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, orðaði það í ávarpi sínu við opnun skólans – verkefnið er að bjarga heiminum. Skólinn er kjörið tæki til þess að Íslendingar láti til sín taka í því brýna verkefni. Þannig getum við miðlað reynslu okkar og komið tækniþekkingunni til annarra landa. Um áratuga skeið hefur verið starfræktur hér Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið mikilvægt framlag okkar til að koma þekkingunni til þróunarlanda. Tækifæri er fyrir stjórnvöld að nýta hinn nýja skóla, REYST, til frekara framlags Íslands til aðstoðar við þróunarlönd auk þess sem skólinn verður opinn nemendum frá öllum löndum heims því vandamálið er alls staðar.

Starfsvettvangur REYST er rannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám og bera Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík faglega ábyrgð á náminu. Skólinn leggur áherslu á umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu orkulinda á alþjóðavísu. Einstæð reynsla og þekking samstarfsaðilanna allra er hinn trausti grunnur sem skólinn byggir á.

Reynsla og þekking okkar Íslendinga síðustu áratugina við nýtingu jarðhita og vatnsorku er dýrmæt.

Væntanlegir nemendur skólans verða þeir, hvaðanæva úr heiminum, sem hafa áhuga á rannsóknatengdu framhaldsnámi á sviði nýtingar sjálfbærrar orku, sérfræðingar sem vilja auka eða endurnýja þekkingu sína á ákveðnum sviðum og stjórnendur sem þurfa að auka þekkingu sína um nýtingu sjálfbærrar orku. Áhersla er lögð á að nemendur fái æfingu við úrlausn raunverulegra verkefna og munu vinna með sérfræðingum á vettvangi ýmissa rannsókna og framkvæmda við orkunýtingu.

Ég hvet þá sem hafa áhuga á námi við skólann að leita upplýsinga á www.reyst.is, en meistaranám við REYST hefst í ágúst 2008.

Höfundur er verkefnisstjóri REYST.

VÍFILL MAGNÚSSON ARKITEKT ER 69 ÁRA Í DAG.

„Þríhyrningurinn er stöðugur, óumbreytanlegur og burðarþolslega öflugur.“

Vífill Magnússon er hrifinn af íslenska torfbænum og telur hann búa yfir jarðbundnum eiginleikum bæði í efni og formi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 17. DESEMBER 1903

Wright-bræður komast á loft

Þennan dag árið 1903 var loftfari flogið í fyrsta sinn. Það voru bræðurnir Wilbur og Orville Wright sem afrekuðu það. Vélin, sem var tvíþekja með hreyfli, hélst á lofti í tólf sekúndur og sveif um 40 metra í jómfrúrferð sinni.

Wright-bræður ólust upp í Dayton í Ohio en hrifust af frásögnum af svifflugum Þjóðverjans Ottó Lilienthal. Þeir fengust við ýmiss konar frumlegar smíðar, meðal annars á prentvél og reiðhjólum, og í framhaldi af því hófust tilraunir þeirra til vélflugusmíði. Með aðstoð vélvirkjans Charles Taylor smíðuðu þeir bræður 12 hestafla bensínvél og skrúfu. Fyrstu tilraunina gerði Orville 14. desember en mistókst að koma flugunni á loft. Hreyfillinn hikstaði og vélin stakkst á nefið og skemmdist. Eftir þriggja daga viðgerðir reyndu þeir á ný og nú tókst það. Þeir flugu oftar þennan dag, lengsta flugið var tæpir þrjú hundruð metrar og vélin var á lofti í 59 sekúndur. Öld flugvélanna var runnin upp.

Flugvél þeirra Wright-bræðra er til sýnis í Flugsögusafninu í Washington.

MERKISATBURÐIR

1843 Jólaævintýrið „A Christmas Carol“ eftir Charles Dickens kemur út.

1875 Lög um yfirsetukonur taka gildi á Íslandi. Þessi stétt hefur í seinni tíð verið kölluð ljósmæður.

1944 Bandaríkjamenn sleppa löndum sínum af japönskum uppruna úr þriggja ára varðhaldi eftir árás Japana á Perluhöfn.

1970 Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur til Reykjavíkur í fyrsta sinn.

1985 Brú á Bústaðavegi í Reykjavík, yfir Kringlumýrarbraut, er formlega opnuð.

1991 Stuðningsmenn Jeltsíns lýsa yfir því að Sovétríkin verði ekki til eftir næstkomandi áramót.

Nýr sparkvöllur á Húnavöllum

Sparkvöllur var formlega vígður í síðustu viku á Húnavöllum í nágrenni Blönduóss. Heimamenn fjölmenntu til athafnarinnar og fyrir hönd Knattspyrnusambands Íslands mætti Eyjólfur Sverrisson, fyrrverandi landsliðsþjálfari og atvinnumaður í knattspyrnu. Tvö börn úr Húnavallaskóla aðstoðuðu Eyjólf við að vígja völlinn. Þau heita Anný Mjöll og Halldór. Eftir vígsluna léku krakkar úr níunda og tíunda bekk fyrsta opinbera leikinn.

KLIPPT Á BORÐANN Anný Mjöll og Halldór aðstoðuðu Eyjólf Sverrisson við vígsluna.

MYND/HUNI.IS

Samstarfsaðilar Knattspyrnusambands Íslands við að koma upp sparkvellinum eru VÍS, Olís, Eimskip og Kaupþing banki. Vellirnir eru nú orðnir 110 vítt og breitt um landið. Heimild: huni.is

Veiðimaður í nýju ljósi

Út er komið íslenskt spil sem byggist á hinu ástsæla spili Veiðimanni.

Veiðimann heitir nýtt íslenskt spil sem kemur frá sama aðila og gaf út Hrútaspilið á sínum tíma. Spilin eru í 57 korta spilastokki. Þau eru prýdd 19 fiskum, teiknuðum af Jóni Baldri Hlíðberg, en á hverju spili er ein uppskrift að gómsætum fiskrétti, alls 57.

Í Veiðimann safna spilarar fisktorfum og læra um leið nöfn fiskanna. Nánar á www.veidimann.is

AFMÆLI

HJÖRDÍS GISSURARDÓTTIR GULLSMIÐUR er 57 ára í dag.

ÍVAR BJARKLIND KNATTSPYRNUMAÐUR er 33 ára í dag.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Katrín Bílddal

varð bráðkvödd á dvalarheimilinu Grund þann 7. desember. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 18. desember kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar skal bent á Bergmál, Líknar- og vinafélag, reikningur: 0117-26-1616 kt: 490294-2019.

Sigurður Valgeir Jósefsson
Eugenia Björk Jósefsdóttir
Þorgrímur Dúi Jósefsson
María Halldórsdóttir
Ársæll Óskarsson
Erna Björg Bjarnadóttir
Heiðdís Halla Sigurðardóttir
Jósef Fannar Sigurðsson
Ástrós Eva Ársælsdóttir
Alex Daniel Dúason
Valgerður Bílddal

EINAR KARL HARALDSSON „Er alinn upp á Kea-skyri og Tímanum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EINAR KARL HARALDSSON, AÐSTOÐARMAÐUR IÐNAÐARRÁÐHERRA: SEXTUGUR

Alltaf að fást við eldfim efni

Einar Karl er nýlentur á landinu eftir fundarferð til Kaupmannahafnar þegar í hann næst í afmælisviðtal. Þar mættu iðnaðarráðherrar Norðurlanda ásamt aðstoðarmönnum. „Fundurinn byrjaði á því að lúsíur með ljós í hári, ternor og stjärngossar sungu fyrir okkur,“ lýsir Einar Karl. Hann kveðst hafa kynnst lúsíuhátíðum í Svíþjóð er hann og kona hans, Steinunn Jóhannesdóttir, bjuggu þar í samtals átta ár í tveimur umferðum.

Annars kveðst Einar Karl alinn upp á Kea-skyri og Tímanum norður á Akureyri. „Ég er kominn af miklum framsóknarmönnum í báðar ættir,“ segir hann. „Faðir minn, Haraldur M. Sigurðsson, er frá Hjalteyri og var mikill kaupfélagsmaður. Hann skilaði líka öllum forsetum Íslands fram að Ólafi Ragnari í hlað á Bessastöðum sem kosningastjóri þeirra fyrir norðan. Móðir mín, Sigríður Matthíasdóttir, var ættuð úr Þingeyjarsýslu og Tálknafirði.“

Einar Karl kynntist Steinunni konu sinni í Menntaskólanum á Akureyri. „Við vorum svo rómantísk að við byrjuðum á að fara til Frakklands. Reyndar ætlaði hún til Sviss en ég til Toulouse í Frakklandi en við enduðum saman,“ segir hann hlæjandi.

Stuttu seinna lá leiðin til Stokkhólms þar sem Einar Karl kveðst hafa lært stjórnmálafræði en líka verið virkur í vinstri pólitíkinni. Þetta var meðan Víetnamstríðið geisaði og mikið að gera í mótmælaaðgerðum. „Þarna var ég sem róttækastur og marseraði um götur Stokkhólms hvað eftir annað,“ rifjar hann upp.

Heimkominn frá Svíþjóð kveðst Einar Karl hafa byrjað að vinna á útvarpinu um tveggja ára skeið. „Ég held að við Árni Gunnarsson höfum verið fyrstir til að vera með innhringiþátt. Hann hét Bein lína. Vorum með einhvern ráðamann hjá okkur og fólk hringdi inn og spurði hann.“

Fréttastjórastaða á Þjóðviljanum varð næst fyrir valinu hjá Einari Karli og síðan ritstjórastaða 1978. Einnig var hann framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins um tíma meðan Ólafur Ragnar var formaður. Hann hafði ekki sagt skilið við útvarpið því í byrjun 9. áratugarins var hann með útvarpsþætti um Íslendingasögurnar. Nýjustu fréttir af Njálu, Stefnumót við Sturlunga og Sindur úr sögunum. „Þar var blandað saman fræði- og leikmönnum og stundum voru jafnmargir að hlusta á okkur og að horfa á enska fótboltann,“ rifjar hann upp pínu stoltur. „Maður var kominn á þann aldur að þurfa að athuga hvaða afstöðu maður ætti að taka til bókmenntaarfsins. Það er einn liður í því að verða fullorðinn á Íslandi.“

En hvaða afstöðu skyldi Einar Karl hafa til sjötugsaldursins?

„Ég hef ekki haft tíma til að velta aldrinum fyrir mér sérstaklega. Er fjallhress og fullur starfsorku. Það þarf alltaf að vera eldmóður í kringum það sem ég er að gera. Þá get ég unnið eins og berserkur og líður vel. Nú er ég á nýjum vettvangi og hlakka til hvers dags. Hef ekki áður sinnt byggðamálum, ferðamálum og orku- og iðnaðarmálum. Hins vegar hef ég alltaf haft áhuga á nýsköpun og hún tengir alla þessa flokka. Svo er fróðlegt að kynnast nýjum sviðum og fólki.“ Auk þess sem að ofan er getið hefur Einar Karl starfað sem ritstjóri Nordisk kontakt í Stokkhólmi og rekið almannatengslafyrirtækið Inform. ehf.

„Ég hef alltaf verið að fást við eldfim efni og þannig séð átt mörg líf. Það sem sameinar þau er að allt snýst um hugmyndir og upplýsingar. Hvorutveggja tel ég vera miklu sterkara afl í nútímanum en peninga. Samt er alltaf verið að tala um peninga en minna um hugmyndir. Þær hafa samt ótrúleg áhrif á lífið.“

Nú er Einar Karl minntur á að hann hafi ekkert minnst á Fréttablaðið. „Heyrðu, jú, ég startaði Fréttablaðinu ásamt fleirum. Ég var þá að vinna með Gunnari Steini Pálssyni á Mekkanó og Sveinn Eyjólfsson og Eyjólfur Sveinsson báðu okkur að kanna það hvort grundvöllur væri fyrir svona fríblaði á Íslandi. Við skoðuðum það og svarið var nei. Það var samhljóma því sem þeir höfðu sjálfir komist að. Nema blaðinu væri dreift í hvert hús. Þeir tóku ákvörðun um að það væri hægt og sú hugmynd er heimssöguleg. Hugmyndin um Samfylkinguna reyndist líka bæði lífseig og sterk og ég er stoltur af því að vera í hópi þeirra fjölmörgu sem unnu að framgangi hennar.“

Að lokum: Á ekki að halda upp á afmælið?

„Við Steinunn héldum sameiginlega upp á afmælin okkar þegar við urðum fimmtug en ætlum ekki að gera það núna. Ég verð að heiman og svo er meiningin að fara í fjölskylduferð með börnum og barnabörnum í sumar.“

gun@frettabladid.is

CITROËN

Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007
Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg

Jólabíllinn í ár
Nýr Citroën C3 SX
1,4i 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 6,1 l/100 km

*Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú 1.659.000 kr. fyrir Citroën C3 SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.589.000** kr. fyrir Citroën C3 SX.**

Viltu sjónvarp?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C3 SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá sjónvarp í afslátt að verðmæti 70.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 125.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.589.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Veljir þú sjónvarpið þá greiðir þú hinsvegar **1.659.000 kr.** fyrir Citroën C3 SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C3 SX.

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg
Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007

Jólatilboð Brimborgar
Kauptu jólagjöfina í Brimborg

Talaðu endilega við söluráðgjafa Brimborgar í dag – þeir eru í voða góðu jólaskapi.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Myndaðu eins og fagmaður. Borgaðu eins og leikmaður.

Taktu hágæða ljósmyndir heima í stofu, leiktu þér að ljósmyndun. Tilvalið fyrir eigendur SLR véla.

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

STUÐ MILLI STRÍÐA Furðumýs

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SKILUR EKKI VÍSINDAMENN

Reglulega birtast okkur fréttir af uppátækjum lífvísindamanna úti í heimi. Allajafna vekja þær fréttir mesta athygli sem fela í sér sköpun einhverrar furðulegrar og ónáttúrulegrar veru, oftast einhvers afbrigðis af mús.

Stundum er vel hægt að skilja tilganginn með sköpun þessara furðumúsa. Músin sem var með stærðarinnar mannseyra á bakinu var til að mynda afskaplega hagnýt; nú vitum við að vel er hægt að rækta mannlega útlimi á músum og þurfum því ekki að óttast aflimun jafnt og áður.

Svo var líka hægt að skilja hversvegna vísindamenn bjuggu til hina ótrúlegu ofurmús. Músin sú getur hlaupið hraðar og lengur á æfingahjólinu sínu en meðalmýs. Svo getur hún borðað einhver ósköp en alltaf verið jafn vöðvastælt og glæsileg. Vísindamennirnir höfðu gert ráð fyrir að músin myndi hljóta einhvern skaða af því að vera svona framúrskarandi, bara til þess að viðhalda jafnvægi í alheiminum, en reyndin hefur verið önnur. Fjöldamargar kynslóðir af þessum frábæru ofurmúsum hafa lifað lengra og betra lífi en meðalmýs. Það er með öllu óskiljanlegt hvers vegna ekki er búið að drífa í að erfðabreyta mannkyninu á þennan hátt.

En það er erfitt að sjá jákvæðan tilgang í nýjustu furðumúsinni. Hún er algjörlega laus við að óttast stór rándýr. Á myndbandi má sjá músina vaða galvaska upp að stærðarinnar ketti. Músin hnusar af kettinum og flækist fyrir fótum hans. Kötturinn lætur músina óáreitta og hlýtur því sjálfur að vera annaðhvort erfðabreyttur eða á róandi lyfjum. En spurningin er: Hvaða gagn er eiginlega að þessari kærulausu mús? Svartsýnispésar myndu telja að verið sé að þróa óttalausa einstaklinga í hernaðarskyni og að eftir hundrað ár verði orðinn til kynþáttur ofurhermanna sem skilja eftir sig sviðna jörð hvar sem þeir koma við og kvíða hvorki pyntingum né dauða. Slíkur her væri bersýnilega ósigrandi. Nú er bara að bíða og sjá.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Gleðjumst saman!

netto

Allt í jólamatinn á betra verði!

www.markhonnun.is

Fjölskyldan fær allt til jólanna á einum stað.

netto

Akureyri, Grindavík, Höfn, Kópavogi og Mjódd Reykjavík

Stóra plöggið

Bíddu, er Einar Bárðarson ekki rétt orðin þrjátíu og fimm og ævisagan komin út: fyrsta bindið – Öll trixin í bókinni – frá sex til þrjátíu og sex. Hvaða plögg er þetta? Jú, heldur hrein og bein frásögn Einars af ferli síðustu tólf ár, ekki hefur hann verið lengur í bransanum, þessum skammlífa atvinnusjúkdómi sem grípur stöku menn sem halda að heimsfrægðin finnist á bæjarhólnum, og er svo mikilvægur þáttur í samtíma okkar og menningu: poppið í sínum margbreytilegu myndum.

Einar hefur margt til brunns að bera, uppruninn er í nýlega þorpinu við brúna, Selfossinum; úr nýgræðingsiðnaði gróðurhúsabændanna; fjölbrautaskólakerfinu; bílskúrsbandamenningunni í kjölfar artista á áttunda áratugnum. Hann er barn síns tíma. Stilltur og ljúfur maður í viðmóti, hefur skopskyn í betra lagi, meðal annars ómælt fyrir sjálfum sér. Hann er sá yngsti í hópi umbanna sem lengst dugðu, skammt er síðan sá elsti þeirra lést, Pétur Pétursson, sem var afkastamikill impresario á sínum tíma. Í kjölfar hans komu svo hljómsveitarstjórarnir: KK, Svavar Gests og Haukur – og Pétur Guðjónsson rakari. Bítlið var komið: inn komu strákar sem stóðu sig prýðilega lengi að ferja mönnum um landið, oft bara með eitt stakt band. Erling, Jonni Sighvats, Ámundi og hinir yngri: Hjörtur, Einar og Árni Ben, Jakob Magg. Án þessara manna hefði verið harla lítið að státa af þótt tækin væru frumstæð og ljósin fá. Fólk skemmti sér vel.

Það er því heldur lítið tak í yfirlýsingunni: „Fagmennska, eða öllu heldur tónleikahald sem atvinnu- og iðngrein, er frekar ungt fyrirbæri hér á landi. Hún kom til sögunnar upp úr 2000. Fagmennskan kom, án þess að ég ætli að eigna mér of mikið, með mér og mönnum eins og Þorsteini Stephensen ... (197). Úpps.

En það er annars ekki fyrir að fara miklu stærilæti í eintali Einars sem er tekið beint af skepnunni og ber allt hans viðmót, ryþminn í sögunni hans, málið í töffaratóninum með nægilegum úrdráttum og ýkjum svo bókin er skemmtileg. Hann dregur enga dul á að hann er lærlingur í þróuðum iðnaði Evrópu: ekki myndi hver sem er viðurkenna að ekkert hafi hann þekkt til Kiri te Kanawa áður en honum var boðin hún sem akt. Einar viðurkennir fúslega feilana sem eldri menn máttu vara hann við: Slade og Alice Cooper áttu ekki sjens hér á landi. Hann er aftur framsýnn um markað þeirra kvenna sem stýra innkaupum heimilanna: húsmæður úthverfanna eru hans bandamaður og fáir gátu séð að Mehlua og Krall yrðu hittarar hér á landi.

Bókin verður ekki greind nema sem áróðursrit fyrir þá sem eru að brjóta íslenskri dægurlagatónlist markað á erlendum málsvæðum, nokkuð sem hefur jafnan heillað þá sem á annað borð voru búnir að fullkanna íslensku markaðsstærðina. Bakslagið með Nylon var vissulega alvarlegt en sóknin með Garðar Thor er athyglisverð tilraun þótt hætta sé á að þar verði seglin rifuð eftir FL-flandrið.

EINAR BÁRÐARSSON Sendir frá sér ferilssögu um poppbransann.

BÓKMENNTIR

Öll trixin í bókinni

Einar Bárðarson - Umboðsmaður Íslands

Einar Bárðarson og Arnar Eggert Thoroddsen

★★

Skemmtileg en einhæf lýsing á ferli athafnamanns

Þessi bók er einhæf að efni, söguhetjan byrgir af sitt persónulega líf en gefur samt margt uppi um spennu, vonbrigði. Hún er einstakt dokument um síðasta áratug í skemmtanalífi þjóðarinnar, einarðleg yfirlýsing ungs manns um ásetning hans og metnað í starfi á háskalegu sviði atvinnurekstrar og er skyldulesning hverjum þeim sem hefur áhuga á íslenskum skemmtanaiðnaði.

Páll Baldvin Baldvinsson

Stemning í hádeginu

Hátíðarstemning mun ríkja á Kjarvalsstöðum í dag þegar Tríó Reykjavíkur heldur sína þriðju tónleika í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Tónleikarnir fara fram í austursal Kjarvalsstaða þar sem nú eru til sýnis verk úr safneign Landsbankans, meðal annars verkið Hvítasunnumorgunn eftir Jóhannes Kjarval sem vakið hefur mikla athygli.

Á efnisskrá Tríós Reykjavíkur að þessu sinni eru sannkallaðar perlur tónbókmenntanna sem falla vel að aðventunni. Leikin verður sónata fyrir fiðlu, selló og píanó eftir Haydn, Slá þú hjartans hörpu strengi eftir Bach, Ave María eftir Bach-Gounod og Veturinn eftir Vivaldi. Þá mun tríóið einnig töfra fram nokkur vel valin jólalög í lokin.

Tríó Reykjavíkur skipa þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Máté píanóleikari. Á ferli sínum hefur tríóið komið fram á fjölmörgum tónleikum víða um Ísland og einnig farið í tónleikaferðir til Danmerkur og auk þess komið fram í Þýskalandi, Finnlandi, Prag og London og einnig leikið í hinu nýja tónlistarhúsi Grænlendinga.

TRÍÓ REYKJAVÍKUR Gunnar Kvaran, Peter Máté og Guðný Guðmundsdóttir.

Tríóið fór í sína fyrstu tónleikaferð til Bandaríkjanna árið 2003, þar sem það kom meðal annars fram í beinni útsendingu á klassísku útvarpsstöðinni í Chicago. Sumarið 2006 fór Tríó Reykjavíkur í tónleikaferð til Suður-Frakklands.

Hljóðritanir með leik tríósins hafa verið leiknar víða í evrópskum útvarpsstöðvum. Geisladiskur með tónlistarflutningi tríósins kom út árið 2000. Meðlimir tríósins eru allir kennarar við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og er tríóið staðarkammerhópur skólans.

Tríó Reykjavíkur var útnefnt tónlistarhópur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007 og hlaut þá jafnframt þriggja ára styrk frá borginni til starfsemi sinnar.

Þessir tónleikar eru tilvalin hvíld frá jólaamstrinu en að þeim loknum er hægt að tylla sér niður á kaffistofu Kjarvalsstaða og njóta góðra veitinga.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 í dag og kostar aðgöngumiðinn 500 kr. Athygli skal þó vakin á að miðinn gildir í þrjá daga á sýningar á Kjarvalsstöðum, Hafnarhúsi og í Ásmundarsafni.

- vþ

Margbrotnir rammar

7990 kr.
Frí stækkun með öllum römmum í nóvember og desember.
(Hámarksstærð: 30 x 45 cm)

Myndarammarnir frá Umbra eru frumlegir, fallegir og leyfa myndunum þínum að njóta sín á nýjum stöðum.

www.hanspetersen.is

» Laugavegur 178
105 Reykjavík
Sími 412 1840

» Bankastræti 4
101 Reykjavík
Sími 412 1810

» Kringlan
103 Reykjavík
Sími 412 1830

» Smáralind
201 Kópavogur
Sími 412 1870

» Fjörður
220 Hafnarfjörður
Sími 412 1820

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

„Þegar maður verður ástfanginn er eins og tíminn stöðvist. Það gleypir mann alveg.“

KATIE HOLMES kveðst aldrei hafa verið hamingjusamari, þrátt fyrir allar sögusagnirnar um samband hennar og Tom Cruise.

fólk

folk@frettabladid.is

„Ég er gjörsamlega æst í að leika krakkhóru!“

KEIRA KNIGHTLEY hefur ýmsar óskir um draumahlutverkin.

„Ég man eftir því að einhver sagði mér að ef maður segir orðið „so“ mikið, þá kemur það upp um að maður sé samkynhneigður. Ég var svo hræddur við að nota þetta orð!“

N'Sync-söngvarinn **LANCE BASS** um erfiðu árin inni í skápnum.

Vill nektarmyndir upp á vegg

Christina Aguilera sat nýlega fyrir á Evuklæðum fyrir tímaritið Marie Claire. Hún fetaði þannig í fótspor Demi Moore og Britney Spears sem hafa báðar gert hið sama á meðan þær voru óléttar. Aguilera var svo hrifin af útkomunni að hún ku nú hafa beðið um að fá stækkaðar myndir úr tökunni til eigin afnota.

Eins og margir vita á Aguilera nú von á fyrsta barni sínu og eiginmannsins Jordan Bratman, en erfinginn er væntanlegur í heiminn upp úr áramótum. Söngkonan vill vera búin að hengja nektarmyndirnar upp á vegg heima hjá sér áður en barnið fæðist.

„Christina dáir þessar myndir og vill hengja þær upp heima hjá sér þar sem allir geta séð þær,“ segir heimildarmaður The Sun. „Hún vill líka að þær séu komnar upp áður en barnið fæðist svo hún geti sýnt honum eða henni hvernig mamma leit út þegar hún var ólétt,“ segir hann.

Aguilera uppgötvaði þungunina þegar enn var mánuður eftir af tónleikaferð hennar um Bandaríkin og segir í viðtali við Marie Claire að henni hafi brugðið mjög. Það sem eftir lifði ferðalags var söngkonan afar vör um sig, og bar meira að segja falinn hjartsláttarmæli svo hægt væri að ganga úr skugga um að hún stofnaði hvorki sjálfri sér né barninu í hættu.

HRIFIN AF NEKTARMYNDUM Christina Aguilera vill hengja stækkaðar nektarmyndir af sjálfri sér á veggina á heimili hennar og eiginmannsins, Jordan Bratman. NORDICPHOTOS/GETTY

Tilboð 1 - Kodak C713

7.0 megapixla myndflaga. Þægileg í notkun með Kodak EasyShare.

Verð á mánuði kr. **1667**
Staðgreiðsluverð 14.900

Tilboð 2 - Kodak M873

8.0 megapixla myndflaga. Traustur kassi, létt og meðfærileg.

Verð á mánuði kr. **2523**
Staðgreiðsluverð 23.900

Tilboð 3 - Canon Ixus 960 IS

12.1 megapixla myndflaga. Dúxar á öllum prófunum.

Verð á mánuði kr. **4995**
Staðgreiðsluverð 49.900

Tilboð 4 - Canon Ixus 70

7.1 megapixla myndflaga. Þrefalt zoom. Traust og örugg Canon vél.

Verð á mánuði kr. **3570**
Staðgreiðsluverð 34.900

www.hanspetersen.is

* Meðalverð á mánuði m.v. 12 mánaða greiðslukortasamning. nóv 2007

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborg@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð: Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:

- **Hepafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrir þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

Bókin sem heimurinn bíður eftir!

Þessi bók hefur reitt fólk til reiði, fólk sem sér sjálft sig í Önnu en Anna er ljóta hliðin á teningnum. Flest allir lifa í blekkingum, þola ekkert óþægilegt og viðurkenna ekki vandann. Sem sagt sópa öllu undir teppið. En Kleopatra sviptir teppinu ofan af og sjá... hvað blasir við!? Þess vegna reiðist fólk. Könnun hefur sýnt að annaðhvort verður fólk alveg heillað af þessari bók eða reiðist ofsalega, móðgast og verður sárt. En það sýnir hvar fólk er statt. Fólk sýnir sig að lokum og það er svar.

Einhver varð að gera það. Kleopatra takk fyrir að þora.

Þetta er

HERMIKRÁKUHEIMUR

segir Kleopatra Kristbjörg!

Hermikrákuheimur aftur kominn á kreik!

Eftir sama höfund
og bókin Daggardropar.
-bók um fyrri líf.

Mætt í helstu verslanir!

Saga dægurtónlistarinnar

Útkomu nýja námsefnisins Hljóðspora var fagnað í síðustu viku. Tónlistarkennarinn Pétur Hafþór Jónsson fer þar yfir sögu dægurtónlistarinnar, frá afrískri tónlist og til Bítlanna.

RETRO STEFSON OG PÉTUR Hljómsveitin Retro Stefson er að miklu leyti skipuð gömlum skjólstæðingum Péturs, sem fögnuðu útgáfu Hljóðspora með honum á dögunum.

Pétur hefur verið tónlistarkennari við Austurbæjarskóla í um þrjá áratugi. Þegar hann tók sér á hendur að vinna nýtt námsefni í tónmennt fyrir Námsgagnastofnun hafði hann upphaflega ætlað sér að rekja tónlistarsöguna frá afrískri tónlist til rapptónlistar. „Ég sá nú strax á öðrum degi að ef ég ætlaði að fara yfir þetta allt saman yrði þetta bara upptalning og ekki bók, það væri engin saga í kringum þetta," útskýrir Pétur. Í bókinni ferðast hann hins vegar með þrælum vestur um haf, í gegnum gospel, blús og rytmablús, kántrítónlist og áfram til rokktónlistar, doo-wop, hippatónlistar og Bítlanna.

Pétur hefur lagt áherslu á að varpa ljósi á þjóðfélagslegan bakgrunn tónlistarinnar, í stað þess að einbeita sér að persónusögu. „Mig langar ekki að segja frá einhverju fólki og hvaða ár það fór í stúdíó. Í staðinn segi ég til dæmis frá þrælahaldinu og kynþáttaaðskilnaðinum, sem varð til þess að hvít og svört tónlist var líka aðskilin," útskýrir Pétur, sem hefur slíka formála að öllum köflum.

Námsefnið samanstendur af kennslubók, hlustunarefni á fjórum geisladiskum og kennarabók. Efnið er upphaflega hugsað fyrir miðstig grunnskólans, en Pétur segir að það geti þó vel teygt sig upp á unglingastig. „Í níunda bekk á til dæmis að fjalla um unglingamenningu í samfélagsfræði. Þá er fínt að geta fjallað um rokkið, Bítlana og hippatímabilið," segir Pétur, sem telur að bókin gæti líka orðið til þess að auðveldara sé að kenna tónmenntina á efri stigum grunnskólans. „Nú er hún kennd út miðstigið og varla það. Það er líka mikill skortur á tónlistarkennurum," segir Pétur.

Pétur fékk dyggan stuðning nemenda sinna í útgáfuteitinu sem haldið var fyrir skömmu. Þar á meðal var hljómsveitin Retro Stefson, en meðlimir hennar eru næstum allir gamlir skjólstæðingar Péturs, og nemendur úr sjötta og sjöunda bekk í Austurbæjarskóla sem sungu saman. Hljóðspor hefur nú verið tilnefnd til verðlauna Hagþenkis, sem Pétur segir afar ánægjulegt. „Þá er maður kannski að gera eitthvað rétt," segir hann og hlær við.

sunna@frettabladid.is

SAMSÖNGUR Nemendur úr sjötta og sjöunda bekk í Austurbæjarskóla sungu í útgáfuteitinu, en Pétur hefur verið tónlistarkennari þar í ein þrjátíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.



18 ára sýnir í New York

Þorbjörn Einar Guðmundsson sýnir verk sín í herradeild Gallerí Keflavík í Reykjanesbæ um þessar mundir. Listamanninum unga hefur verið boðið að sýna í New York á næsta ári.

Þorbjörn Einar Guðmundsson er átján ára gamall Suðurnesjamaður sem sýnir nú stafræn listaverk í herradeild Gallerí Keflavík í Reykjanesbæ. Hann segist lítið menntaður í myndlistinni, en hefur þó komið víða við á sköpunarferli sínum. „Ég var á listnámsbraut við Fjölbrautaskóla Suðurneskja, en kláraði hana ekki. Síðan hef ég verið að hanna mín eigin föt, mála og núna að gera digital art-myndir," útskýrir Þorbjörn. „Þetta er allt myndrænt og listrænt, svo það tengist mikið. Svo var ég líka að gefa út safnspólu með nokkrum lög sem ég samdi og hljóðblandaði sjálfur," bætir hann við, en bæði spóla og sýning bera heitið Girls going crazy.

Í júlí á næsta ári mun Þorbjörn svo taka þátt í samsýningu um tuttugu listamanna í galleríi í Tribeca-hverfi í New York. Eins og búast má við þykir Þorbirni það afar spennandi tækifæri. „Það sótti fólk alls staðar að úr heiminum um að komast að á þessari sýningu, og ég er einn þeirra tuttugu sem fá að sýna. Það er alveg frábært," segir hann.

Fyrir sýningunni stendur Galería Zero í Barcelona. Aðstandendur gallerísins leggja áherslu á að fá til sín listamenn frá öllum hornum heims, og stendur reglulega fyrir sýningum utan Spánar, eins og þeirri í New York. „Bróðir minn var að sýna í París í september, og ég fór með honum þangað. Við ákváðum að fara næst til New York, og fórum aðeins að þreifa fyrir okkur hjá öðrum listamönnum og galleríum. Það var svo mikil upplifun að fara með honum og ég hafði mikinn áhuga á að fá að sýna. Þannig komumst við í samband við þetta gallerí," útskýrir Þorbjörn, en bróðir hans er glerblásari. „Ég ákvað að sækja um og sendi þeim möppu með myndum og öðru. Svo fékk ég stuttu seinna e-mail um að ég megi sýna," útskýrir Þorbjörn, sem hefur þó ekki enn gert upp við sig hvaða verk hann mun senda á sýninguna. „Sýningin er ekki fyrr en í júlí, svo ég hef nægan tíma til stefnu enn þá," segir hann.

sunna@frettabladid.is

FJÖLHÆFUR LISTAMAÐUR Þorbjörn Einar hefur hannað föt, málað, samið tónlist og meira að segja blásið gler. Myndirnar á sýningu hans í Gallerí Keflavík falla þó undir stafræna list.

MYND/ÞORGILS JÓNSSON

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er alltaf erfitt að velja jólagjafir fyrir fólk sem á allt, en **Paris Hilton** hefur þó auglýst eftir einni tiltekinni gjöf. Spurð hvers hún óskaði sér í jólagjöf svaraði hótelerfinginn: „Mann til að verða ástfangin af til lífstíðar. Einhvern sem ég get stofnað fjölskyldu með."

Hvort sá maður er fyrrverandi kærasti hennar, **Stavros Niarchos**, er ekki vitað, en skötuhjúin sáust saman í Miami fyrr í mánuðinum.

Mary J. Blige er síðasta stjarnan til að lýsa yfir stuðningi við söngkonuna **Amy Winehouse**, en hún þekkir vandamálin af eigin reynslu. Blige segist vorkenna stjörnum á borð við Winehouse og **Britney Spears**. „Þær eru mannverur, þær eru ungar í bransa sem stendur alveg á sama um mann. Það er sorglegt," segir Blige.

> Theodór þarf að spila reglulega

Ólafur Jóhannesson, þjálfari karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu, sagði í samtali við skoska dagblaðið The Herald, að Theodór Elmar Bjarnason, eða Teddy eins og Skotarnir kalla strákinn, verði að fara að spila reglulega. „Hann er góður leikmaður en ef hann fær ekki tækifæri hjá Celtic, þá ætti hann ef til vill að reyna að komast á láni til annars liðs. Það væri það besta fyrir feril hans," sagði Ólafur en Theodór var ekki í leikmannahópi Celtic í skosku deildinni í gær.

sport
sport@frettabla-

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON, ATVINNUKYLFINGUR: STÓÐ Í STRÖNGU Á OPNA SUÐUR-AFRÍKUMÓTINU UM HELGINA

Ætla mér að komast ofar á Evrópumótaröðinni

Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, lauk keppni á Opna Suður-Afríkumótinu í gær þegar fjórði og síðasti hringur mótsins var leikinn. Birgir Leifur byrjaði illa í mótinu og lék fyrst hringinn á 79 höggum eða sjö höggum yfir pari, en náði að komast í gegnum niðurskurðinn með því að leika annan hringinn á einu höggi yfir pari. Þriðja hringinn lék Birgir Leifur svo á þremur höggum yfir pari og var því samtals á ellefu höggum yfir pari eftir 54 holur þegar keppni hófst í gær.

Birgir Leifur hafði leikið fjórar holur á Pearl Valley-vellinum á einu höggi yfir pari, en hann fékk skramba á fjórðu holu, þegar veðurguðirnir tóku öll völd og stöðva þurfti leik í þrjá klukkutíma vegan úrhellisrigningar.

„Þetta var náttúrlega bara rugl að spila í rigningunni og það hefði mátt stoppa leik miklu fyrr. Veðrið er búið að vera erfitt. Á fyrsta hringnum var það vindurinn og núna rigningin," sagði Birgir Leifur, sem kom vel stemmdur til leiks þegar veðrinu slotaði. Birgir Leifur fékk fugl á fimmtu holu og svo fylgdu níu pör í framhaldinu. Á fimmtándu holu fékk Birgir Leifur skolla og hann kláraði mótið svo með þremur pörum og fór því á 73. höggum eða einu höggi yfir pari. Í heildina fór Birgir Leifur á tólf höggum yfir pari og endaði mótið 50.-56. sæti.

„Ég er í heildina litið sáttur með að hafa unnið mig í gegnum mótið. En auðvitað vill maður vera betri og ég ætla mér að komast ofar í mótaröðinni," sagði Birgir Leifur, sem er búinn að liggja í flensu upp á síðakastið og er óákveðinn um framhaldið.

„Næsta mót í Evrópumótaröðinni er Opna Jóhannesarborgarmótið í byrjun janúar og ég ætla að sjá til hvernig mér gengur að ná mér af veikindum. Ég set alla vega stefnuna á að taka þátt í mótinu og tek stöðuna á því þegar nær dregur. Það var fínt upp á framhaldið að ná að spila fjóra keppnishringi fyrir jól."

Ítalski körfuboltinn:

Jón Arnór fínn í sigri Roma

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson skoraði tólf stig, tók þrjú fráköst og átti tvær stoðsendingar í 93-64 sigri Lottomatica Roma gegn Snaidero Udine í ítölsku deildinni í körfubolta í gærkvöldi. Roma hefur verið á miklu skriði í deildinni upp á síðkastið og Jón Arnór hefur verið í lykilhlutverki hjá liðinu. - óþ

Íslenska sundfólkið stóð vel fyrir sínu á lokadegi Evrópumótsins í 25 metra laug í Debrecen í Ungverjalandi:

Örn varð fimmti í 100 metra baksundi

SUND Í gær var lokadagurinn á Evrópumótinu í 25 metra laug í Debrecen í Ungverjalandi. Örn Arnarson úr SH varð í fimmta sæti í 100 metra baksundi, Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR lenti í 15. sæti í 50 metra skriðsundi og Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi varð í 26. sæti í 200 metra bringusundi.

Ragnheiður byrjaði gærdaginn á að keppa í undanrásum og varð þá í 19. sæti á tímanum 25,45 sekúndum, en það dugði henni til að komast í undanúrslit þar sem aðeins tveir keppendur frá hverju landi mega keppa í undanúrslitunum og færðist Ragnheiður fram fyrir fimm stúlkur. Ragnheiður fann sig hins vegar ekki í undanúrslitunum og synti þar á lakari tíma en í undanrásunum, 25,55 sekúndum. Hún komst því ekki í úrslit að þessu sinni og endaði í 15. sæti.

„Ég get ekki verið annað en sátt og núna ætla ég bara að fara heim og hvíla mig og eiga gleðileg jól. Næsta verkefni er svo Evrópumót í Eindhoven í Hollandi í mars, þannig að ég hef góðan tíma til að æfa fyrir það," sagði Ragnheiður.

Jakob Jóhann keppti í gærmorgun í 200 metra bringusundi. Hann synti á 2 mínútum og 13,71 sekúndu og lenti í 26. sæti. Jakob var talsvert frá Íslandsmeti sínu en þetta var engu að síður besti tími hans í greininni á árinu og ef til vill merki um það sem koma skal hjá honum.

Örn ákvað að fórna 50 metra flugsundi í gærmorgun til þess að einbeita sér að úrslitasundinu í 100 metra baksundi seinna um daginn. Hvíldin var vissulega þess virði þar sem Örn lenti í fimmta sæti í úrslitasundinu á 51,96 sekúndum, sem er aðeins tuttugu og tveimur hundruðustu úr sekúndu frá fjögurra ára gömlu Norðurlandameti hans í greininni. „Þetta var mjög fínt og ég get verið mjög sáttur. Ég og þjálfarinn minn lögðum upp með að byrja sundið hratt og ég held að ég hafi sett heimsmet með viðbrögðum í upphafi sundsins," sagði Örn í léttum dúr en hann var þriðji eftir 50 metra.

„Ég eyddi helst til of mikilli orku á annarri og þriðju ferð í 25 metrunum og kláraði bensínið bara. Byrjunin hefur samt alltaf verið akkilesarhæll hjá mér, þannig að þetta er mjög jákvæð þróun hjá mér." - óþ

TAKK, TAKK Eiður Smári nýtti tækifæri sitt vel í byrjunarliði Barcelona í fyrrakvöld og skoraði fyrsta mark sitt í deildinni. Ronaldinho vermdi hins vegar varamannabekkinn. NORDICPHOTOS/AFP

Eiður Smári skoraði í sigri Barcelona í fyrrakvöld:

Eiður Smári opnar markareikninginn

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var á skotskónum í 0-3 sigri Barcelona gegn Valencia á laugardagskvöld. Eiður Smári var fremur óvænt í byrjunarliði Barcelona í leiknum og var hrósað í hástert fyrir frammistöðu sína af Frank Rijkaard, stjóra Barcelona, í leikslok.

Eiður Smári var í byrjunarliði Barcelona í afar mikilvægum leik gegn Valencia á Mestalla-leikvanginum og var þar með tekinn fram yfir leikmenn á borð við Deco, Giovanni Dos Santos, Bojan Krkic og Ronaldinho sem vermdu varamannabekinn. Barcelona varð að vinna leikinn til þess að setja pressu á Real Madrid á toppi deildarinnar.

Barcelona komst snemma yfir í leiknum með marki Samuel Eto'o á 12. mínútu og Kamerúnmaðurinn bætti svo öðru marki við á 26. mínútu. Þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik lenti Eiður Smári í ljótri tæklingu og þurfti að bera hann af leikvelli, en hann var þó ekki á því að gefast upp og hélt áfram að spila. Lionel Messi, félagi Eiðs Smára, var ekki jafn heppinn og þurfti að hætta leik vegna meiðsla og verður líklega frá í allt að því mánuð. Eiður Smári var líflegur í leiknum og náði svo að skora þriðja mark Börsunga á 62. mínútu eftir góðan undirbúning Giovanni Dos Santos. Þetta var fyrsta mark Eiðs Smára í deildinni á tímabilinu.

Frank Rijkaard var afar ánægður með sigurinn og hrósaði Eiði Smára sérstaklega.

„Eiður átti líka frábæran leik, hélt boltanum vel, var yfirvegaður og rólegur og átti jafnan fínar sendingar. Hann kórónaði svo frammistöðu sína með góðu marki," sagði Rijkaard. - óþ

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta:

Valur-Fram 25-27 (13-15)

Mörk Vals (skot): Hjalti Pálmason 7 (13), Sigfús Páll Sigfússon 5 (7), Ernir Hrafn Arnarson 4 (14), Arnór Malmquist 3 (6), Ingvar Árnason 2 (3), Baldvin Þorsteinsson 2 (6), Gunnar Harðarson 1 (1), Elvar Friðriksson 1 (3), Orri Freyr Gíslason (2)
Varin skot: Pálmar Pétursson 3 (17/2) 17,6%, Ólafur Haukur Gíslason 9 (22/2) 40,9%
Hraðaupphlaup: 3 (Arnór 2, Baldvin)
Fiskuð víti: Engin
Utan vallar: 6 mínútur
Mörk Fram: Rúnar Kárason 10 (12), Jóhann Gunnar Einarsson 7/4 (9/4), Einar Ingi Hrafnsson 4 (5), Stefán Stefánsson 2 (2), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (4), Haraldur Þorvarðarson 1 (2), Filip Kliszczyk 1 (4), Björgvin Páll Gústavsson (1), Hjörtur Hinriksson (2)
Varin skot: Björgvin Gústavsson 23 (48) 47,9%
Hraðaupphlaup: 5 (Stefán 2, Rúnar 2, Kliszczyk)
Fiskuð víti: 4 (Einar Ingi 3, Kliszczyk)
Utan vallar: 10 mínútur

STAÐAN Í N1-DEILD KARLA:

Haukar	**14**	**10**	**3**	**1**	**+56**	**23**
Fram	13	9	1	3	+32	19
Hk	**13**	**8**	**1**	**4**	**+40**	**17**
Valur	13	6	3	4	+28	15
Stjarnan	**13**	**7**	**1**	**5**	**+24**	**15**
Afturelding	14	3	3	8	-13	9
Akureyri	**14**	**3**	**2**	**9**	**-11**	**8**
ÍBV	14	1	0	13	-156	2

Næstu leikir í deildinni:
Fram-Stjarnan Mið. 19. des. kl. 19
Valur-HK Mið. 19. des. kl. 20

Fyrsti ósigur Valsara í tíu leikjum

Fram vann Val 25-27 í Reykjavíkurslag N1-deildar karla í gærdag. Stórleikur þeirra Rúnars Kárasonar og Björgvins Páls Gústavssonar átti stóran þátt í sigri Fram í gær og liðið er nú komið í 2. sæti deildarinnar.

HANDBOLTI Fram sigraði Val, 25-27, á heimavelli Valsmanna í gær í N1-deild karla, en markatalan er sú sama og í sigri Vals í fyrri viðureign liðanna í deildinni. Valur hafði fyrir leikinn í gær leikið níu leiki án taps.

Valsmenn hófu leikinn af krafti og skoruðu fjögur fyrstu mörk leiksins. Þá var eins og Framarar áttuðu sig á því hvar þeir væru og náðu að breyta stöðunni úr 6-2 í 7-6 með fimm mörkum í röð. Eftir það var frumkvæðið Framara en liðið náði mest fjögurra marka forystu í fyrri hálfleik, 10-14. Valsmenn náðu að minnka muninn í tvö mörk fyrir hlé, 13-15, þegar Hjalti Pálmason skoraði þrjú síðustu mörk Vals í hálfleiknum.

Fyrir utan fyrstu mínútur leiksins einkenndi andleysi leik Vals og það nýttu Framarar sér vel. Fram náði mest fimm marka forystu, 18-23. Valur náði að minnka muninn í eitt mark, 23-24, en nær komust þeir ekki og Fram vann að lokum öruggan tveggja marka sigur, 25-27.

Rúnar Kárason og Björgvin Gústavsson fóru mikinn í síðari hálfleik fyrir Fram. Rúnar skoraði þá 9 af 12 mörkum Fram og Björgvin varði 15 skot í síðari hálfleik. Rúnar skoraði alls 10 mörk í leiknum en hann virðist kunna vel við sig þegar sjónvarpið sýnir leiki Fram beint; hann átti líka stórleik þegar Fram lagði HK í síðasta leik liðsins en báðir leikirnir voru sýndir beint. „Ég skaut á markið í hálfleik og hitnaði aðeins. Ég spilaði lítið í fyrri hálfleik og vildi spila meira og maður verður að nýta tækifærin þegar þau gefast," sagði Rúnar eftir leik.

„Við ætlum okkur toppbaráttu í vetur og þá er ekki hægt að tapa þessum leikjum. Við verðum að vinna þessi lið sem eru í fimm efstu sætunum. Ef við sigrum Stjörnuna á miðvikudaginn getum við minnkað forskot Hauka niður í tvö stig og skilið hin liðin eftir," sagði hin 19 ára gamla hetja Fram.

Óskar Bjarni Óskarsson var alls ekki sáttur við spilamennsku síns liðs en eftir góða byrjun hrundi leikur liðsins í fyrri hálfleik.

„Við misstum allt. Vorum ekki með vörn, sókn eða markvörslu á tímabili og það gengur ekki á móti Fram. Við náum að kroppa aðeins í þá í seinni hálfleik en þá drepa Rúnar og Björgvin þetta. Þeir vinna þennan leik fyrir þá."

- gmi

HARÐFYLGNI LÍNUMAÐURINN Einar Ingi Hrafnsson skorar hér eitt af fjórum mörkum sínum fyrir Fram í leiknum í gær. Fram komst með sigrinum upp í 2. sæti N1-deildarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Klikktilboð!
Notaðir bílar 100% lán í allt að 48 mánuði
50% afsláttur
af öllum bílum árgerð 2000 og eldri
Takmarkað magn
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-2204
HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5040
Opið á Kletthálsi 11
mánudaga til föstudaga kl. 10–18
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-Chelsea 1-0
1-0 William Gallas (45.).
Liverpool-Man. Utd 0-1
0-1 Carlos Tevéz (43.).

STAÐAN Í DEILDINNI:

Arsenal	**17**	**12**	**4**	**1**	**34-14**	**40**
Man. Utd.	17	12	3	2	30-8	39
Chelsea	**17**	**10**	**4**	**3**	**24-10**	**34**
Man. City	17	10	3	4	24-19	33
Liverpool	**16**	**8**	**6**	**2**	**27-10**	**30**
Everton	17	9	3	5	31-16	30
Portsmouth	**17**	**8**	**6**	**3**	**28-15**	**30**
Aston Villa	17	8	4	5	28-20	28

Ítalska Serie A:

Torino-Roma 0-0
Parma-Reggina 3-0
1-0 Bernardo Corradi (25.). 2-0 Andrea Pisanu (49.), 3-0 Massimo Paci (66.). Emil Hallfreðsson var ekki í leikmannahópi Reggina.
Cagliari-Inter 0-2
0-1 Julio Ricardo Cruz (57.), 0-2 David Suazo (79.).
Sampdoria-Fiorentina 2-2
1-0 Danilele Gastaldello (18.), 1-1 Adrian Mutu (39.), 1-2 Marco Donadel (57.), 2-2 Antonio Cassano (69.).

Spænska La liga:

Getafe-Villarreal 1-3
0-1 Nihat (16.), 0-2 Nihat (79.), 0-3 Cazorla (84.), 1-3 Kepa (86.).
Valladolid-Sevilla 0-0
Real Betis-Almería 3-1
0-1 Negredo (10.), 1-1 Edú (27.), 2-1 Mariano Pavone (51.), 3-1 Mariano Pavone (83.).
Deportivo-Zaragoza 1-1
0-1 Diego Alberto Milito (19.), 1-1 Fabricio Coloccini (53.).

HM félagsliða:

AC Milan-Boca Juniors 4-2
1-0 Filippo Inzaghi (21.), 1-1 Rodrigo Palacio (22.), 2-1 Alessandro Nesta (50.), 3-1 Kaká (61.), 4-1 Filippo Inzaghi (71.), 4-2 sjálfsmark (85.).

Ítalski körfuboltinn:

Lottomatica Roma-Snaidero Udine 93-64
Jón Arnór Stefánsson skoraði 12 stig fyrir lið Lottomatica Roma í leiknum.

Glæsilegt úrval úra og skartgripa
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900

Arsenal og Man. Utd að stinga af

Manchester United vann Liverpool í leik fornra fjenda á Anfield Road og Arsenal bar sigurorð af Chelsea í Lundúnaslag af bestu gerð á Emirates-vellinum. Arsenal heldur því toppsæti deildarinnar en United fylgir þar fast á eftir og liðin eru á góðri leið með að stinga af í titilbaráttunni með þessu áframhaldi.

FÓTBOLTI Arsenal og Manchester United styrktu stöðu sína á toppnum til muna í gær þegar Man. Utd vann Liverpool á útivelli og komst á toppinn, tímabundið, þangað til Arsenal endurheimti toppsætið að nýju með heimasigri gegn Chelsea.

Leikur Liverpool og Manchester United fór fjörlega af stað á Anfield Road í gærdag og heimamenn virkuðu ákveðnari á upphafsmínútunum. Fyrsta alvöru færi leiksins kom eftir um hálftíma leik þegar Edwin van der Sar, markvörður United, misreiknaði sig í teignum eftir hornspyrnu Liverpool og Harry Kewell átti skot að marki sem Anderson bjargaði á línu. Stuttu síðar var van der Sar svo kominn í vandræði á nýjan leik. Markvörðurinn ráfaði þá á ný um markteig United eins og sauðdrukkinn maður og rakst utan í Nemanja Vidic og engu munaði að Rio Ferdinand skallaði í eigið mark.

Tevéz refsaði Liverpool

Það gerðist svo í lok fyrri hálfleiks að United átti hornspyrnu og Ryan Giggs sendi boltann út í teiginn á Wayne Rooney, sem kom á siglingunni einn og óvaldaður og skaut boltanum á fjærstöng þar sem Carlos Tevéz mokaði honum í netið og skoraði sitt sjöunda mark í deildinni. Liverpool-menn gátu hins vegar sjálfir sér um kennt að hafa í fyrsta lagi passað Rooney og svo sofnaði Yossi Benayoun illilega á verðinum og sá til þess að Tevéz var réttstæður á teignum.

Í seinni hálfleik færði Liverpool sig eðlilega framar á völlinn og fór að sækja á fleiri leikmönnum til að freista þess að jafna leikinn. United spilaði hins vegar frábæran varnarleik og beitti jafnframt hættulegum skyndisóknum.

Babel hættulegur

Ryan Babel kom inn á sem varamaður hjá Liverpool í seinni hálfleik og mikil hætta skapaðist í kringum hann oft á tíðum. Babel átti til að mynda frábært skot að marki United þegar um stundarfjórðungur lifði leiks en boltinn fór rétt framhjá stönginni. Stuttu síðar svaraði United með vel útfærðri skyndisókn þar sem Ronaldo átti hnitmiðaða sendingu utan af vinstri kantinum á Rooney sem hitti ekki rammann úr líklega besta færi leiksins. Liverpool hélt áfram að þjarma að marki United en allt kom fyrir ekki og lokatölur urðu 0-1 fyrir Rauðu djöflana.

Arsenal ætlaði sér greinilega stóra hluti gegn Chelsea þar sem liðið pressaði stíft á upphafsmínútum leiks liðanna á Emirates vellinum. Leikurinn var bæði hraður og harður þar sem mikið var um tæklingar og kjaftbrúk eins og gjarnan vill verða þegar þessi Lundúnalið mætast. Arsenal sótti meira í fyrri hálfleik og gott flæði var í spili liðsins, en Chelsea varðist af kappi og reyndi að beita skyndisóknum. Arsenal endaði sóknirnar hins vegar ekki nógu vel og allt stefndi í markalausan fyrri hálfleik. Sú varð hins vegar ekki raunin.

Gallas minnti rækilega á sig

William Gallas, fyrrverandi leikmaður Chelsea, var hins vegar á öðru máli og skoraði gott skallamark eftir hornspyrnu Cesc Fabregas og staðan því 1-0 þegar hálfleiksflautan gall.

Seinni hálfleikur var fjörugur, þó sérstaklega þegar líða tók á leikinn. Framan af virtist Chelsea ekki líklegt til þess að jafna leikinn en þegar stundarfjórðungur lifði leiks fékk liðið kjörið tækifæri til þess að skora. Boltinn barst þá til Shaun Wright-Phillips sem var einn á auðum sjó á fjærstönginn en hitti boltann illa og hitti ekki á markið úr upplögðu marktækifæri. Lokamínútur leiksins voru æsispennandi þar sem leikurinn galopnaðist í leit Chelsea að jöfnunarmarkinu. Tvö mörk voru dæmd af Arsenal á lokamínútunum, annað réttilega fyrir rangstæðu en það seinna fyrir vægt brot þegar Emmanuel Adebayor virtist einfaldlega hafa betur í stöðubaráttu við varnarmann Chelsea. Petr Cech, markvörður Chelsea, varði í tvígang vel í lokin, áður en Ashley Cole bjargaði á síðustu stundu skoti frá Cesc Fabregas af stuttu færi og í kjölfarið lenti þeim saman. Leiktíminn var þá liðinn og góður sigur Arsenal í höfn og liðið því enn í toppsæti deildarinnar.

omar@frettabladid.is

BARÁTTA Steven Gerrard hjá Liverpool og Anderson hjá Manchester United háðu mikið einvígi í leik liðanna í gær og ekkert var gefið eftir eins og sjá má á mydinni.
NORDICPHOTOS/AFP

FÖGNUÐUR Leikmenn Arsenal hópast hér í kringum markaskorarann William Gallas, fyrrverandi leikmann Chelsea, sem reyndist enn og aftur bjargvættur Arsenal í gær.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

BREIÐABLIK

Þjálfari óskast / Starfsmaður unglingaráðs óskast.

Þjálfari:
Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir þjálfara fyrir yngri flokka félagsins. Æskileg reynsla að þjálfun og/eða menntun innan íþróttageirans.

Starfsmaður unglingaráðs:
Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir að ráða starfsmann fyrir unglingaráð.
Um er að ræða 50% stöðugildi og vinnutími getur verið svegjanlegur.
Starfið felur í sér flölbreytta vinnu fyrir unglingaráð.

Til greina kemur að ráða í bæði stöðugildin sem 100% starf.

Áhugasamir hafi samband við Arnar Bill yfirþjálfara yngri flokka Breiðabliks í síma 510-6400 eða í netfangið arnarbill@breidablik.is

HAMAGANGUR Leikmenn Arsenal og Chelsea verða seint sakaðir um að hafa ekki lagt sig fram í leiknum í gær. Hér á Ashley Cole, fyrrverandi leikmaður Arsenal, í höggi við Bacary Sagna sem virðist vera að taka létta kennslustund í breikdansi.
NORDICPHOTOS/AFP

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 800MHz XMS Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

UPPFÆRSLA B

Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.

15.950

TURNUPPFÆRSLA 2

- Athlon X2 DualCore 4600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD - 16MB
- 512MB ATI Radeon X1250

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

39.950

AMD TÖLVA 3

- Athlon X2 5600+ DualCore
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GTS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

89.950

ACER 22" AL2216WBD

Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

acer

23.950

MP3 1GB SPILARI

Flottur 1GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

SanDisk

3.450

CREATIVE T3100

Öflugt 2.1 hátalarakerfi með tveimur 12W hátölurum og stóru 17W bassaboxi

CREATIVE

5.750

500GB MARGMIÐLUNARSPILARI

ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

22.950

MP3 2GB SPILARI

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk með korta-lesara og litaskjá sem sýnir ljósmyndirnar. FM útvarp

SanDisk

8.450

WD 500GB MYBOOK 2

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

14.750

LOGITECH G9 MÚS

Logitech G9 er flottasta leikjamúsin á markaðinum í dag, stillanleg næmni og þyng, útskiptanleg grip

Logitech

8.950

LOGITECH EX110



- Logitec EX110
- Þráðlaus geislamús
- Þráðlaust lyklaborð
- Áprentaðir íslenskir stafir

Logitech

3.450

ACER ASPIRE 7720Z - 1A

- Intel Dual Core T2310
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 1600GB SATA 5400rpm
- Intel GMA X3100 PCI Ex
- 17" CrystalBrite skjár

acer

99.950

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon

9.950

CANON LIDE 90

48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

Canon

9.950

4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR

3.950

SENNHEISER RS130

Frábær þráðlaus heyrnatól með hleðslurafhlöðum og hleðslustandi.
Skila ótrúlega góðum hljómgæðum.

SENNHEISER

8.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

Birt með fyrirvara um brotlegar, innsláttarvillur og myndabrengl.

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

dagskrá

> Jill Hennessy

Jill Hennessy á eineggja tíburasystur sem heitir Jacqueline og er margverðlaunuð fjölmiðlakona. Systurnar hafa tvisvar leikið saman í mynd, og Jacqueline hefur einnig hlaupið í skarðið fyrir systur sína í sjónvarpsþáttunum Law and Order. Jill leikur í Crossing Jordan sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON HUGSAÐI TIL FORNMANNA

Þú jögglar ekki handsöxum inni í stofu

Þessi þjóð okkar hefur í gegnum tímann gert sér ýmislegt til dundurs. Þeir sem hingað komu fyrstir munu hafa skemmt sér með átkeppnum hverskonar, kapphlaupi, kappdrykkju og glímu auðvitað. Þeir voru miklir hestamenn, syntu yfir firði og klifu jökla, skáld voru menn góðir, þeir tefldu og kösuðu rúnum til að spá fyrir framtíðinni. Þá er ónefnd bókvísi þeirra, þeir renndu sér yfir heilu héruðin á skíðum eða reru á milli fjarða. Heimkomnir settust þeir niður og spiluðu á hörpu sér til dægrarstyttingar og skipulögðu lögpretti sem var talin íþrótt. Yfirburðamenn á þeim tíma jöggluðu handsöxum og skutu tveim spjótum í senn. Jú, auðvitað var hornskinnaleikur vinsæll líka og hnútuköst.

Töluvert löngu síðar kom sjónvarpið. Menn hættu að leika sér með vopn og spila á hörpu; settust niður og byrjuðu að horfa á heimildarþætti um þessa afreksmenn. Það eina sem við höfum tekið okkur til fyrirmyndar af dægradvöl fornmanna er kappátið og kappdrykkjan; og iðkum af mikilli íþrótt eins og þeir. Þetta er líka það eina sem fellur að sjónvarpsglápi. Illmögulegt og örugglega hættulegt væri að leika sér með öxi inni í stofu, hvað þá að jöggla þeim í gríð og erg innan um fjölskyldumeðlimi af öllum stærðum og gerðum. Stærsta saxið sem ég beiti fyrir framan sjónvarpið er dregið fram til að sneiða niður misfeita osta. Það kemur líka að gagni við að smyrja þeim á salt ostakex og í rifsberjasultuna, auðvitað. Þessu skola ég síðan niður með góðu rauðvíni. Sælgæti! Fyrirgefiði, ég gleymdi mér stutta stund.

Ástæðan fyrir því að ég rifja þetta upp hér er að ég sá einn Spaugstofuþátt um helgina og áttaði mig þá á því að það er fátt sem minnir mann á þessa fornu menningu okkar. En það er samt vissulega ennþá til.

EKKI MISSA AF

▶ **22.45 Afhjúpun í Afganistan** SJÓNVARPIÐ

▶ **23.15 Studio 60** STÖÐ 2

▶ **20.00 House of Sand and Fog** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.50 Footballers´ Wives - Extra Time** SIRKUS

▶ **22.00 C.S.I: New York** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hanna Montana (11:26)
17.55 Myndasafnið
17.56 Gurra grís (70:104)
18.00 Halli og risaeðlufatan (40:52)
18.11 Lítil prinsessa (1:35)
18.20 Út og suður
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Til bjargar heiminum (Five Ways to Save the World) Í þessari bresku heimildamynd er sagt frá fimm hugmyndum til að bjarga jörðinni.
21.10 Glæpahneigð (32:45) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið
▶**22.45 Afhjúpun í Afganistan** (Afghanistan Unveiled) Bresk heimildamynd. Blaðamaðurinn Sharmeen Obaid-Chinoy fór til Afganistan að grennslast fyrir um hvernig líf kvenna hefur breyst á þeim fimm árum sem liðin eru síðan Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra réðust inn í landið.
23.40 Spaugstofan
00.10 Bráðavaktin (22:23)
00.55 Kastljós
01.25 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 House of Sand and Fog
08.05 Lotta flytur að heiman
10.00 Not Without My Daughter (e)
12.00 Just For Kicks
14.00 Lotta flytur að heiman
16.00 Not Without My Daughter (e)
18.00 Just For Kicks
▶**20.00 House of Sand and Fog** Amerískt draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd.
22.05 Flightplan
00.00 Prophecy II
02.00 Airheads
04.00 Flightplan

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Jesús og Jósefína (17.24) (e)
07.45 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (86.120)
10.15 Commander In Chief (13.18)
11.15 Veggfóður (14.20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Sisters (17.22)
13.55 Triumph of Love
15.55 W.I.T.C.H.
16.18 S Club 7 (e)
16.38 BeyBlade
17.03 Jesús og Jósefína (17.24) (e)
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.25 The Simpsons (19.22) (e)
19.50 Næturvaktin (5.13) Ný íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. 2007.
20.20 Extreme Makeover: Home Edition (27.32) 2006.
21.45 Side Order of Life (10.13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey´s Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. 2007.
22.30 Crossing Jordan (6.17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas. 2006. Bönnuð börnum.
▶**23.15 Studio 60** (21.22) Bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverk.
01.30 NCIS (15.24)
02.15 Most Haunted
03.00 Triumph of Love
04.50 Crossing Jordan (6.17)
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíví

SÝN besta sætið

16.50 Boca Juniors - AC Milan Heimsmeistarakeppni félagsliða. Útsending frá úrslitaleiknum.
18.30 Target World Challenge Target World Challenge mótið er haldið í Suður-Karólínu og er styrktarmót á vegum Tiger Woods. Flestir af sterkustu kylfingum heims mæta til leiks.
20.50 Inside Sport (Graham Poll) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
21.20 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
22.45 Heimsmótaröðin í póker Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
23.40 Spænski boltinn Útsending frá leik Real Madrid - Osasuna í spænska boltanum.

SÝN 2

07.00 Arsenal - Chelsea Útsending frá stórleik Arsenal og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram í gær.
16.05 Portsmouth - Tottenham Útsending frá leik Portsmouth og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 15. desember.
17.45 English Premier League 2007/08
18.45 PL Classic Matches
19.20 Birmingham - Reading Útsending frá leik Birmingham og Reading í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
22.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
22.30 Fulham - Newcastle Útsending frá leik Fulham og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni sem fram fór laugardaginn 15. desember.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
15.45 Vörutorg
16.45 Allt í drasli (e)
17.15 Rules of Engagement (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 30 Rock (e)
19.30 Giada´s Everyday Italian (e)
20.00 Friday Night Lights (18.22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Taylor þjálfari fær óvæntan gest, Tim Riggins fær nýjan nágranna og Jason fær kærustuna í heimsókn.
21.00 Heroes (7.24) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Peter og Caitlin lenda í hættulegri aðstöðu og komast að því að dularfullur víris sem herjar á hetjurnar getur verið banvænn. Suresh, Matt, Nathan, Niki og Bob taka höndum saman í baráttunni við martraðamanninn.
▶**22.00 C.S.I. New York** (16.24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Stórlax í tónlistargeiranum er myrtur í þakíbúð sinni og eina vitnið er systir hans sem sjálf hafði ærna ástæðu til að stúta bróður sínum.
23.00 The Drew Carey Show Bandarískir gamanþættir um hið sérkennilega möppudýr og flugvallarrokkara Drew Carey.
23.30 Californication (e)
00.05 Masters of Horror (e)
01.05 NÁTTHRAFNAR
01.06 C.S.I. Miami
01.50 Ripley's Believe it or not!
02.35 Trailer Park Boys
03.00 Vörutorg
04.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.45

Side Order of Life

Rómantískur og fyndinn framhaldsþáttur í anda Grey´s Anatomy og Ally McBeal. Jenny er á þrítugsaldri en vaknar upp við þann vonda draum að hafa aldrei látið verða af því að lifa lífinu til fulls. Þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. Í kvöld fær Becca mjög svo óvænt bónorð og Jenny heyrir samtal tveggja manna og grunar að nú sé hún búin að komast að því hver hinn leyndi símamaður sé og eltir hann uppi.

▶ TIL BJARGAR HEIMINUM

Sjónvarpið kl. 20.05

Sjávarborð hækkar, veðrið breytist og heimurinn breytist hraðar en nokkurn óraði fyrir vegna hlýnunar jarðar. En til eru vísindamenn sem leita tæknilegra lausna til að bjarga jörðinni. Í þessari bresku heimildarmynd er sagt frá fimm slíkum hugmyndum; þrjár þeirra ganga út á að draga úr áhrifum sólar á jörðina og tvær miða að því að minnka magn koltvísýrings í andrúmsloftinu sem er orsök hlýnunar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Færeyingar
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnukíkir
21.20 Kvika
22.15 Afsprengi
23.10 Upp og ofan
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.25 Þristurinn
16.00 Hollyoaks (80.260)
17.00 Totally Frank
17.25 Footballer´s Wives - Extra Time (5.18)
17.50 Footballer´s Wives - Extra Time (6.18)
18.15 X-Files (e)
19.00 Hollyoaks (80.260)
20.00 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. 2005.
20.25 Footballer´s Wives - Extra Time (5.18) Framlenging á einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 á síðari árum. einnþá. Spúsur fótboltastjarnanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svakalegri, ennþá svæsnari.
▶20.50 Footballer´s Wives - Extra Time (6.18)
21.15 X-Files (e) Fox Mulder trúir á meîan Dana Scully efast er ìau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna aî hindra leit ìeirra aî sannleikanum.
22.00 Damages (11.13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. 2007. Bönnuð börnum.
22.45 Prison Break (6.22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. 2007. Bönnuð börnum.
23.30 Þristurinn
00.05 Sjáðu
00.30 Johnny Zero (6.13)
01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Pólitíska hornið. Kristinn H. Gunnarsson stýrir stjórnmálaumræðunni einn mánudag í mánuði.
20.30 Klipptu kortið. Helga Thorberg klippir kortið í fylgd sérfræðinga í heimilisfjármálum. Þórunn Finnsdóttir, sálfræðingur, spjallar við Helgu um m.a. kaupáráttu, sem segja má að sýni andlit sitt í jólavertíðinni.
21.00 Hvað ertu að hugsa. Pál Óskar þarf ekki að kynna, en hvað er hann að hugsa? Páll Óskar er gestur Guðjóns Bergmann.
21.30 Nútímafólk. Randver Þorláksson leikur á ljúfa tóna í fylgd Luciano Pavarotti.

DR 1

10.30 VQ - Videnskabsquiz **11.00** TV Avisen **11.10** 21 Søndag **11.50** Aftenshowet **12.15** OBS **12.50** DR 1 Dokumentaren - Den sidste dans **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Robotboy **15.45** Troldspejlet **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ildsjæle - Alt for de ansatte **19.00** Michael Palin i det nye Europa **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hans og hendes jul **22.35** Seinfeld **23.00** OBS **23.05** Hjerteflimmer **5.00** Anton **5.05** Anton **5.10** Morten **5.35** Den lille prinsesse **5.45** Den lille Julemand

NRK 1

11.40 Billedbrev fra Europa: Romas fontener **11.50** Nobels fredsprisutdeling 2007 **13.30** Åpen himmel: Engler i advent **14.00** Newton **14.40** Erstatterne **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Supermusikk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Månáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.35** Lykke er **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Hvor ble du av, bestefar? **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Jane Eyre **21.25** Anne Grete Preus - tross alt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Kriminalsjef Foyle **23.55** Nytt på nytt **0.25** Kulturnytt **0.35** Sport Jukeboks **2.00** Country jukeboks

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég spila stundum geisladiska með klassískri tónlist. Þá helst árstíðirnar með Vivaldi og Frank Sinatra.“

Eyjólfur Kúld gullsmiður.

Ritstjóri Póstsins ber dám af Mikka Torfa

„Glimrandi fínar viðtökur. Nokkrir blaðamenn voru í salnum sem töluðu um að þetta hefði verið mjög kunnuglegt umhverfi. Einn hafði verið á DV þegar Mikki Torfa var ritstjóri og hann var bara með stjörnur í augunum. Sagði að nákvæmlega svona hefði þetta verið. Enda vorum við þarna eins og gráir kettir, við Sigurjón Kjartansson, þegar við vorum að skrifa þetta,“ segir Óskar Jónasson leikstjóri.

Pressan, ný íslensk spennuþáttaröð í sex hlutum, verður frumsýnd á Stöð 2 30. desember, en forsýning tveggja fyrstu þáttanna var í Regnboganum á föstudag. Aðalsögusviðið er ritstjórn dagblaðsins Pósturinn sem er æsifréttablað og ritstýrt er af Nökkva (Kjartani Guðjónssyni). Lára (Sara Dögg Ásgeirsdóttir), ung, einstæð móðir, ræður sig til starfa á blaðinu og strax á fyrsta degi kemst hún í heilmikinn hasar.

Óskar segir að Nökkvi sé mixtúra úr nokkrum ritstjórum. „En við byggjum náttúrlega á tímabili þegar Mikki var ritstjóri og hið svokallaða Ísafjarðarmál kom upp.“

Mikill meðbyr er nú með íslenskri sjónvarpsþáttagerð og má nefna Næturvaktina í því samhengi. Óskar segist finna meðbyr en er með fiðrildi í maganum. Það á eftir að koma í ljós hvernig fólk tekur þáttunum.

„Þegar eitthvað vel lukkað hefur komið fram eru menn tilbúnir að sjá meira. En svo þarf ekki nema eitt drasl til að eyðileggja allt og kvikmyndagerðin hrekkur ár aftur á bak. Já, það er ábyrgð að halda uppi kyndlinum.“

- jbg

ÞÓR FREYSSON OG ÓSKAR JÓNASSON Sögusvið Pressu er ritstjórn Póstsins og tímabilið vísar til þess er hið svokallaða Ísafjarðarmál reis sem hæst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSAMT LISTAMÖNNUNUM Bergljót ásamt þeim Natan, Shongo og Justin sem gerðu myndirnar fyrir nýjustu bók hennar.

BERGLJÓT ARNALDS: Á FERÐALAGI UM MIÐ-AFRÍKU

Bergljót skrifar bók með kongóskum listamönnum

„Mér var boðið í heimsókn til Kongó og þar kviknaði eiginlega þessi hugmynd,“ segir barnabókahöfundurinn Bergljót Arnalds, sem sendir frá sér nýja barnabók fyrir þessi jól, Gralli Gormur og dýrin í Afríku. Bækur Bergljótar hafa notið mikilla vinsælda hjá börnum á öllum aldri og nægir þar að nefna Stafakarlanna sem hafa verið gefnir út reglulega.

Bergljót ferðaðist þvert yfir Mið-Afríku, frá Kongó til Rúanda og þaðan til Sambíu, Kenía og Simbabve auk þess að koma við í Tansaníu og segir að þetta hafi verið mikið ævintýri. Kongó er á stærð við alla Vestur-Evrópu og hefur mátt þola miklar hremmingar eftir skálmöld sem þar ríkti fyrir skemmstu. Bergljótu fannst dýralíf landanna svo heillandi og framandi að hana langaði til að kynna fyrir íslenskum börnum sögurnar á bak við dýrin, af hverju nashyrningnum finnst gott að hylja húð sína með leðju. En hún vildi einnig halda í menningu Afríkuríkjanna og brá því á það ráð að fá kongóska listamenn til að skreyta bókina með vatnslitamyndum. „Það voru því haldin inntökupróf í listaháskólanum þar sem yfir fjörutíu listamenn mættu,“ útskýrir Bergljót, sem valdi síðan þrjá. Svo skemmtilega vildi til að þeir voru allir bestu vinir en þetta eru þeir Natan, Shongo og Justin. „Ég valdi einfaldlega þá sem hentuðu best fyrir verkefnið en það voru allir mjög færir í þessum hóp,“ segir rithöfundurinn.

MEÐ GÓRILLUNNI Bergljót kemur sér fyrir hjá karlkyns górillu og unganum hans, sem létu sér fátt um finnast þótt af þeim feðgum væri tekin mynd.

Og það fór vel á með þeim fjórum við gerð verksins og þótt sagan hafi verið skrifuð á íslensku kom það eiginlega ekki að sök. „Þeir töluðu frönsku með mjög kongóskum hreim og þegar ég þurfti að útskýra fyrir þeim hvernig myndirnar áttu að vera þá lék ég þær einfaldlega,“ segir Bergljót og hlær og hefur augljóslega haft gaman af því að leika górillu og gíraffa.

En þrátt fyrir að listamennirnir séu frá tveimur ólíkum menningarheimum er Bergljót ekki í vafa um að hún myndi láta slag standa ef henni byðist þetta tækifæri aftur. „Þetta var alveg ótrúlega skemmtilegt og þeir þrír voru alveg hrikalega færir og alltaf tilbúnir til að gera eitthvað nýtt.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardaginn var góð þátttaka í áheyrnarprufum fyrir suður-kóresku útgáfuna af Ást sem haldin var í Seúl á dögunum. **Gísli Örn Garðarsson** ætlaði að vera leikstjórum sýningarinnar innan handar en komst því miður ekki þótt hann hefði ekki verið ýkja langt frá.

Gísli flaug nefnilega til Sjanghæ á föstudeginum þar sem hann átti að leika í auglýsingu. Ekki er enn vitað hverjir föluðust eftir kröftum hans þar í borg en eins og greint hefur verið frá opnaði Eimskip nýlega frystigeymslu í Kína og hver veit nema Gísli verði næsta andlit þess.

Og góðir hlutir gleymast seint. Því það eru fleiri en bara Gísli sem herja á Austurlönd fjær. Kvikmyndinni Gemsar, eða Made in Iceland eins og hún heitir upp á íslensku, hefur nefnilega verið boðið á taílenska barna-og unglingahátíð á næsta ári. Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er enginn annar en **Mikael Torfason**, fyrrum ritstjóri DV og Séð & heyrt.

Gemsar er um margt merkileg en hún markaði meðal annars upphaf leikferils **Höllu Vilhjálmsdóttur** sem fór á kostum í myndinni.

Og **Logi Bergmann Eiðsson** er þegar farinn að undirbúa jólaþáttinn sinn sem verður á föstudaginn. Logi þykir víst mikið jólabarn og hefur því ákveðið að hafa þáttinn sinn helmingi lengri en venjulega. Meðal þess sem spjallþáttastjórnandinn hyggst brydda upp á er endurkoma Stuðkompanísins sem flytur eitt sitt frægasta jólalag, Jólastund. Auk þess verður frumflutt nýtt jólalag með Sprengjuhöllinni sem virðist vera á góðri leið með að taka við af Stuðmönnum sem hljómsveit allra landsmanna.

- fgg

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. land í asíu **6.** skammstöfun **8.** kraftur **9.** fugl **11.** stór **12.** afhending **14.** land í asíu **16.** dreifa **17.** svelgur **18.** knæpa **20.** tvíhljóði **21.** andlitspartur.

LÓÐRÉTT
1. dylja **3.** samtök **4.** ofþyngja **5.** rá **7.** verkfæri **10.** flana **13.** spendýr **15.** boli **16.** gerast **19.** utan.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. laos, **6.** eh, **8.** afl, **9.** lóa, **11.** há, **12.** arsal, **14.** Japan, **16.** sá, **17.** iða, **18.** krá, **20.** au, **21.** enni.

LÓÐRÉTT: 1. fela, **3.** aa, **4.** ofhlaða, **5.** slá, **7.** höfjarn, **10.** asa, **13.** api, **15.** naut, **16.** ske, **19.** án.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.
Glæný smálúða, stórlúða, skötuselur, stór Humar, pillaður humar, hörpuskel

Hnífur Abrahams seldur til Asíu

„Við erum að leggja lokahönd á samning við eina virtustu umboðsskrifstofu Asíu í Taívan sem hyggst selja réttinn að Hnífi Abrahams í Kína, Taílandi, Víetnam, Indónesíu og Malasíu. Þeir hafa mjög mikla trú á bókinni,“ segir Tómas Hermannsson hjá bókaútgáfunni Sögum sem gefur út Hníf Abrahams, fyrstu glæpasögu hins unga rithöfundar Óttars M. Norðfjörð. „Umræður hófust við skrifstofuna á bókamessunni í Frankfurt í haust. Eftir að við sáum að skrifstofan hefur séð um marga söluhæstu höfunda seinni tíma sannfærðumst við um að Óttar yrði þarna í góðum höndum,“ segir Tómas og bætir því við að útgáfan selji meðal annars bækur breska metsöluhöfundarins Ian Rankin í Asíu.

ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ Nú er verið að leggja lokahönd á samning við umboðsskrifstofu í Asíu um réttinn að fyrstu glæpasögu hans.

Velgengni Hnífs Abrahams hefur verið með ólíkindum allt frá því að hún kom út í nóvember síðastliðnum og var líkt við bækur Dans Brown, höfundar Da Vinci lykilsins. Bókin situr ofarlega á íslenskum metsölulistum auk þess sem framleiðslufyrirtækið Zik Zak keypti kvikmyndaréttinn að sögunni og hyggst eyða háum fjárhæðum í að gera hana að smelli í kvikmyndahúsunum innan fárra ára. „Við höfum fengið fyrirspurnir um bókina frá aðilum beggja vegna Atlantshafsins. Reyndar var það skemmtilegast að aðili frá kvikmyndaborginni Los Angeles var sá fyrsti sem hafði samband. Þeir þarna úti eru mjög naskir að þefa uppi kvikmyndavænar bækur,“ segir Tómas. „Það eru sem sagt góðar líkur á því að bók Óttars verði á náttborðum erlendra lesenda innan skamms.“ **- sók**

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.

Rjúpnaveiðivesti.
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-

Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu. Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
Frábært verð. Aðeins 13.495.

Ameristep rúllubaggi.
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.

ProLogic skotveiðijakki.
Vatnsheldur og hlýr jakki með útöndun. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 23.900

ProLogic Thermo skotveiðihanskar.
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

ProLogic skór.
Vatnsheldir og hlýir skór með góðri útöndun. 3 gerðir. Bæjarins besta verð.
Aðeins frá 9.995.

Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
Verð aðeins 4.880.

Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995

Simms Freestone vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 32.800. Jólatilboð aðeins 25.900

Simms Freestone veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Verð aðeins 19.900

Gerviandasett.
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.

Nýtt – NRS flotveiðivesti.
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn. Örugg vesti í alla veiði.
Verð aðeins 12.980.

Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka.
Aðeins frá 34.900.

Veiðiflugur Íslands.
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.
Verð aðeins 3.995.

Ron Thompson vöðlutaska.
Nauðsynleg taska fyrir alla veiðimenn sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn. Motta til að standa á þegar farið er í og úr.
Verð aðeins 3.995.

Scierra Explorer veiðitaska.
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
Verð aðeins 6.995.

Ron Thompson veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 12.900. Jólatilboð aðeins 9.995.

Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.
Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**



Veniard Premium fluguhnýtingasett.
Einhver vinsælustu fluguhnýtingasettin á markaðnum. Fluguhnýtingaverkfæri og troðfullur pakki af vönduðu hnýtingaefni. **Verð aðeins 10.900**

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -

SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -

VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið
lægra verð

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Jólagjöf til þjóðarinnar

Tími venjulegrar manneskju skiptist í vinnutíma og frítíma. Samkvæmt verðmætamati þjóðfélagsins er vinnutími fremur lítils virði nema í undantekningartilvikum þegar um háttsetta aðila er að ræða. Vinnutími kvenna er yfirleitt mun ódýrari en vinnutími karla þótt ýmsar mælingar bendi til þess að kvenna- og karlaklukkustundir séu jafnlangar.

VINNUTÍMI er fleygaður með frítíma sem skiptist í frístundir og svefnstundir. Svefnstundum fylgir ákveðið meðvitundarleysi sem gerir þær að erfiðri markaðsvöru. Frístundir eru ekki heldur metnar til fjár enda er gríðarleg áhersla lögð á að losa sig við þær og eyða þeim. Það er kallað að drepa tímann. Vinsælast er að drepa tímann úr leiðindum sem hafa farið í andleysislyftingu og eru markaðssett sem afþreying.

UNDARLEG VIÐSKIPTI eiga sér stað með vinnutíma annars vegar og peninga hins vegar. Í þessum viðskiptum eru peningar mun verðmætari gjaldmiðill en vinnutími því að tryggt er með lögum að peningar skuli halda gildi sínu hvað sem yfir dynur. Sú lagasetning er kölluð verðtrygging og gildir aðeins um peninga. Það þýðir að nokkuð skortir upp á að jafnræði sé með þeim sem eiga peninga og þeim sem hafa aðeins úr vinnutíma að spila sér til framfæris.

MIKIL GENGISÁHÆTTA fylgir því þegar fólk tekur lán í peningum og ætlar síðan að borga lánið með því að selja vinnutíma sinn. Verðgildi vinnutímans sveiflast stundum upp en oftar niður eftir duttlungum markaðarins meðan peningar eru verðtryggðir. Þetta þýðir að fólk getur lent í miklum vandræðum ef það tekur verðtryggða peninga að láni og hefur engar öruggar tekjur nema af óverðtryggðum vinnustundum.

SVONEFND JÓL fara nú í hönd en þeim fylgir jafnan nokkur aukakostnaður, ekki síst vegna þess mikla frítíma sem fólk þarf að drepa meðan flestum vinnustöðum er lokað. Það væri því kærkomin jólagjöf til mikils meirihluta þjóðarinnar að annaðhvort verði verðtrygging á peningum lögð niður eða verðtrygging á vinnutíma tekin upp svo að jafnræðisregla í anda stjórnarskrár lýðveldisins gildi í viðskiptum með peninga og vinnutíma í framtíðinni.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 17. desember, 351. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.18	13.24	15.30
Akureyri	11.33	13.08	14.43

Heimild: Almanak Háskólans

NOKIA 6267 - 3G
Léttkaupsútborgun:
900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 24.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.

SONY ERICSSON K810i - 3G
Léttkaupsútborgun:
5.900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 29.900 kr.
Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.

SONY ERICSSON Z310i
Léttkaupsútborgun:
1.900 kr.
750 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 10.900 kr.
Léttur og lipur samlokusími með myndavél.

Harðir pakkar
Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember. Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp